


ÁRSRIT

SKOGSKERTAFÉLAGS ÍSLANDS


1976

**VALIN
EFNI**

VÖNDUÐ SMÍÐ



**VÖLUNDAR
TIMBUR**



**VÖLUNDAR
HURDIR**



**BÍLSKÚRS
HURDIR**



**VÖLUNDAR
GLUGGAR**

TIMBURVERZLUNIN VÖLUNDUR HF

Landsbanki Íslands

Austurstræti 11 — Reykjavík — sími 17780.

ÚTIBÚ Í REYKJAVÍK:

Áræðjarúðibú, Bafabæ 7, sími 84400

Austurbæjarúðibú, Laugaveg 77, sími 12000

Langholtiúðibú, Langholtaveg 43, sími 38090

Mólaúðibú, Lágmóla 8, sími 63200

Vegamólaúðibú, Laugavegi 16, sími 12258

Vesturbæjarúðibú, Háskólabíó við Hagstofu, sími 11624



ÚTIBÚ ÚTI Á LANDI:

Akranes — Akureyri — Fekiljörður —

Grímeyvik — Hósnak — Hvolsvöllur —

Ísaförður — Sandgerði — Seltis



ATGRIÐSLUR:

Keflavík — Raufarhöfn — Þorlákshöfn

★ *Áttætt öll venjuleg bankavæðingarnámsgrá og vörur.*



BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Austurstræti 5 Sími 21200
Opð kl. 9.30—3.50.

Austurbæjarútibú Laugaveg. 120
Opð kl. 9.30—3.30 og 5—6.30.

Háalettisútibú Suðurlandsbr. 2
Opð kl. 1—3.30.

Miðbæjarútibú Laugavegi 2
Opð kl. 1—3.50.

Vesturbæjarútibú Vesturg. 52
Opð kl. 1—3.30.

Melaútibú Brændabáll v./Hagatorg
Opð kl. 1—6.30.

Útibú úti á landi:

STYKKIÐHÖLMI: Kl. 9.30—12 og 1.30—4.

BÚÐARDALI: Kl. 9.30—12 og 1.30—4.

BLÚNDUÖSS: Kl. 9.30—12 og 1.30—4.

SAUÐÁRKRÓKI: Kl. 9.30—12 og 1—4.

Svínagjalpríbú
Íslanugga kl. 1—7.

AKUREYRE: 1.30—12, 1—3.30 og
5.30—8.30.

EGLEOÐDÖUM: Kl. 9.30—12 og 1—4.

HELLU, Reag.: Kl. 9.30—12 og 1.30—4.

HVERAGERMI: Kl. 9.30—12 og 1.30—4.

NOFFELLAGVIT: Kl. 9.30—12 og 1.30—4.

★ Bankinn annast öll innlend bankaviðskipti.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS


1970

EFNI:

| | Bls. |
|---|-------------------|
| <i>Hákon Guðmundsson</i> : Skógræktarfélag Íslands 40 ára | 4 |
| <i>Helgi Hallgrímsson</i> : Bæjarnöfn og útbreiðsla skóga fyrir á öldum | 8 |
| <i>Hákon Bjarnason</i> : Um sitkagreni | 15 |
| <i>Snorri Sigurðsson</i> : Fáein orð um Alaskalúpínu | 22 |
| <i>Hákon Bjarnason</i> : Missagnir um Bæjarstaðarskóg | 25 |
| <i>Hákon Guðmundsson</i> : Guðmundur Karl Pétursson, yf- irlæknir. Minning | 27 |
| <i>Hákon Bjarnason</i> : Anton Smitt. Minning | 28 |
| <i>Hákon Bjarnason</i> : Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu (Dánargjöf bræðranna Guðmundar M., Einars og Friðriks V. Björnssona) | 29 |
| <i>Hákon Bjarnason</i> : Störf Skógræktar ríkisins 1969 | 31 |
| <i>Snorri Sigurðsson</i> : Störf skógræktarfélaganna 1969 | 37 |
| Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1969 | 42 |
| Stjórnir héraðsskógræktarfélaganna og félagatal 1969 | 46 |
| Reikningar Skógræktarfélags Íslands 1968 | 48 |
| Reikningar Landgræðslusjóðs 1968 | 49 |
| Annað efni | 7, 14, 24, 26, 30 |

Mynd á kápu:

Vetrarmynd úr Hallormsstaðaskógi. Ljósm. Sig. Blöndal.



ÚTGEFANDI:

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

RÁNARGÖTU 18 - REYKJAVÍK

Sími 1 81 50

RITSTJÓRI:

SNORRI SIGURÐSSON

Gefið út í 4.800 eintökum

Prentsmiðjan ODDI hf.

Reykjavík 1970

Skógræktarfélag Íslands 40 ára

Á þessu ári hefur Skógræktarfélag Íslands lokið 40 ára starfsferli sínum, en það var eins og kunnugt er, stofnað á Þingvöllum við Öxará á þúsund ára afmæli Alþingis árið 1930. Fjörutíu ár eru ekki langur tími í lífi skógarins, en í sögu eins félags spanna fjórir áratugir þó yfir svo langt tímabil, að ástæða er til að staldra við, líta um öxl og gefa því jafnframt gætur, hvað framundan er. Hér verður þó aðeins stiklað á nokkrum stórum dráttum í sögu þess og starfi, en væntanlega verða efni til þess, að gera öllum þeim atriðum, sem félagið varða, ítarleg skil á hálftrar aldar afmæli þess, er þar að kemur.

Í ársriti Skógræktarfélagsins árið 1950 hefur Hákon Bjarnason skógræktarstjóri rakið ýmsa þætti úr sögu þess fyrstu 20 árin og má um það tímabil vísa til þeirrar greinargerðar.

Eins og þar kemur fram, var skipulag félagsins upphaflega með þeim hætti, að bæði einstaklingar og félög gátu átt aðild að því. Í fyrstu voru þar þó aðallega einstaklingar, en þó voru árið 1940 einnig nokkur skógræktarfélög komin til skjalanna, er stofnuð voru á fjórða tugi aldarinnar.

En það ár verða nokkur þáttaskil. Þá setti Alþingi ný skógræktarlög, sem m.a. geymdu það nýmæli, að Skógræktarfélag Íslands var viðurkennt sem samband skógræktarféлага hér á landi og upp tekið það ákvæði, að styrkur, sem veittur væri á fjárlögum til skógræktarféлага, skyldi því skilyrði bundinn: að þau væru deildir í Skógræktarfélagi Íslands. Þessi viðurkenning löggjafans lyfti mjög undir stofnun sérstakra skógræktarféлага og varð framvindan sú, að skógræktarfélagunum fjölgaði. Í samræmi við þessa þróun var skipulagi félagsins breytt árið 1946 í það horf, að það varð samband skógræktarféлага, en einstaklingar þeir, er áður höfðu verið félagsmenn, urðu félagsmenn í þeim skógræktarfélagunum, er stofnuð voru á því svæði, er þeir áttu heima. Voru félögin árið 1950 alls 24 með 5200 félagsmönnum.

Næstu 10 árin er jafn og stífgandi vöxtur í

skógræktarfélagunum er nær hámarki árið 1960, en þá eru aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands alls 29 með hartnær 8800 félagsmönnum.

Alkunnugt er, að á s.l. áratug dró mjög úr almennum félagsmálaáhuga. Bitnaði þetta á skógræktarfélagunum sem öðrum og leiddi til þess, að félagsmönnum þeirra fækkaði á þessu tímabili, þó tala sjálfra skógræktarfélaganna héldist. Nú verður hinsvegar greinilega vart breytingar í þessum efnunum. Og á fertugsafmælinu í júnímánuði s.l. voru aðildarfélögin orðin 31 með um það bil 7500 félagsmönnum. Er það nú viðfangsefni, sem hvert einstakt félag verður að taka til meðferðar, og leggja áherslu á, að grípa þau tækifæri, sem vaxandi félagsmálaáhugi býður, til þess að ná í fleiri félagsmenn.

En hvert er þá orðið okkar starf á þessu 40 ára æviskeiði Skógræktarfélags Íslands?

Auðurinn er afl þeirra hluta, sem gera skal, segir máltækið. Þetta eru sannindi, sem félögin hafa fengið að reyna, að vísu í neikvæðu formi, því lengst af hefur það verið hlutskipti þeirra, að þurfa að baslast áfram við lítil fjárráð og kröpp kjör. Oft hefur ósérhlífni og áhugi einstakra félagsmanna verið gildasti sjóðurinn og sá haldbesti. Var og eigi í annað horn að vanda fyrstu árin, er almenningur hafði úr litlu að spila og stjórnvöld sinnulaus um skógræktarmál. Smám saman vannst þó á um viðurkenningu fjárveitingavaldsins á gildi skógræktarstarfsins fyrir gróðurfar og byggð landsins. Árið 1940 var ríkisstyrkurinn 6000 krónur, en á þessu ári er hann orðinn 1450 þúsund krónur. Séu framlög skógræktarfélaganna á þessu sama tímabili metin til fjármunu þau aldrei hafa verið minni en þrefaldur ríkisstyrkurinn og oft náð 4-5 krónum á móti hverri krónu í styrk. Námu þau t.d. árið 1969 a.m.k. 7 milljónum króna, og eru þó margvísleg störf fjölmargra félagsmanna um landið allt ekki metin til verðs.

Skylt er í þessu sambandi að geta þess, að tveir menn, þeir Hermann Jónasson fv. forsætisráðherra og Valtýr heitinn Stefánsson ritstjóri,

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1970

eiga öðrum fremur þakkir skildar fyrir þann stuðning, sem þeir veittu Skógræktarfélagi Íslands á unglingsárum þess, og má í mörgum atriðum rekja til áhrifa þeirra aukinn skilning stjórnvalda á starfi félagsins fyrstu árin eftir að það var komið á legg. Er þá eigi heldur litið fram hjá órofa stuðningi skógræktarstjórans, Hákonar Bjarnasonar, sem hefur verið óbilug máttarstoð félagsins, allt frá því er hann tók það í sína umsjá 1932. Varð eigi nein breyting á þeirri afstöðu hans, þegar hann varð skógræktarstjóri árið 1935. Hefur það alla tíð verið afdráttarlaus stefna hans, að það væri skógræktarmálum landsins fyrir bestu, að náin samvinna væri milli Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna og hefur reynsla liðinna áratuga að mínu áliti fyllilega sannað réttmæti þeirrar stefnu.

Ef litið er á 40 ára sögu Skógræktarfélags Íslands frá sjónarhóli gróðursetningarstarfsins og miðað við tölu gróðursettra plantna sést vel stífgandinn í starfi þeirra. Árin 1931-1935 er tala gróðursettra plantna ekki nema 10 þúsund. Árin 1946-1950 er þessi tala komin upp í 353 þúsund, og árin 1956-1960 er samtala gróðursettra plantna 2.855.000. eða 65% af heildargróðursetningu þessara ára. Nam gróðursetning skógræktarfélaganna á árinu 1960 alls um 740 þús. plöntum og náði 75% af heildargróðursetningunni það ár. Haldið var í þessu horfi að kalla til ársins 1963, en vorhretið það ár setti strik í reikninginn, og féll gróðursetningartalan þá niður í 552 þúsund plöntur. Hin síðari árin hefur fjöldi gróðursettra plantna því miður farið lækkandi, var t.d. 405 þús. árið 1968. Til þess liggja ýmsar ástæður, sem erfitt var að ráða við, svo sem lakara árferði, verðbólga og önnur óáran. Þessar plágur hafa þó einnig bitnað á öðrum, þótt að því sé máské lítil huggun, en skýrir samt, að ekki er um ódugnaðinn einan að ræða. Og þrátt fyrir þessa lækkun hafa skógræktarfélögin á hverju ári liðins áratugs gróðursett meira en helming allra gróðursettra plantna. Ef við lítum nú yfir sviðið og skoðum gróðursetningarsvæðin stór og smá. Hver er þá árangurinn? Vissulega verður því ekki neitað, að margt sæðið hefur þar fallið í grýtta jörð, eða meðal þyrna og þistla. Annars var ekki að vænta, þegar tekið er tillit til þess, hverskonar byrj-

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1970



Hákon Guðmundsson

endastarf hér er um að ræða. Við höfum orðið að fíkra okkur áfram, láta reynsluna að nokkru leyti skera úr því, hvaða leiðir væru farnar um plöntuval og gróðursetningarsvæði. Stundum hefur verið ráðist í gróðursetningu á miður ákjósanlegum stöðum. Sá kostur tekinn, heldur en að hafast alls ekki að. Líka má finna að því, að plöntum hefur verið dreift tiltölulega of fáum á of marga staði. Starfið hefur þannig verið reynsluskóli, ekki ávallt ábatasamur frá fjárhagslegu sjónarmiði, en eigi að síður mikilsverður. Aðalatriðið er þó, að eftir því sem árin líða og heildarútkoma verður betur metin, verður eigi um það villst, að hún er sæmileg, miðað við allar aðstæður, og fer nú batnandi ár frá ári, eftir því sem meiri hagnýt reynsla fæst, ásamt þeim vísindalegu rannsóknnum, sem nú er völ á. En eins og Jörgen Mathiesen sagði á aðalfundinum 1955, er vísindaleg þekking nauðsynlegur grundvöllur skógræktar. Til þess að vísindalegar athuganir geti átt sér stað, verður að vera fyrir hendi rannsóknarefni og aðstaða til athugana. Gróðursetning sú, sem framkvæmd hefur verið und-

anfarna áratugi, er svo mikil og margbreytileg, að hún hefur skapað nokkuð alhliða rannsóknargrundvöll og hefur, þegar af þeirri ástæðu einni, mikið gildi fyrir framtíðarstarfið, hvort sem vel eða illa hefur tekist á einstökum stöðum. Í annan stað rísa nú á fjölmörgum stöðum á landinu vænir skógarteigar, sem vísa til ríkulegs árangurs og vekja með tilvist sinni skilning á því, hvað hægt er að gera. Sjálf trén verða í framtíðinni bestu talsmenn okkar, sagði Hermann Jónasson, endur fyrir löngu.

Á aðalfundinum 1960 var líka mörkuð sú stefna, að leggja áherslu á gróðursetningu í samfelld svæði, og hefur hin síðari ár verið unnið að því. Má til dæmis nefna það, að árið 1964 fara 60% af þeim 530 þús. plöntum, sem þá eru gróðursettar, á 20 svæði. Er þetta tvímæla-laust sú höfuðstefna. sem fylgja skal, þótt það hljóti einnig að vera verkefni skógræktarfélaganna að stuðla að því, að almenningur komi sér upp trjálundum við hús og bæi.

Eigi má skógræktarstarfið og árangur þess miðast einvörðungu við fjölda gróðursettra plantna, þótt það atriði tali út af fyrir sig skýru máli. Hirðingin skiptir ekki síður máli og ræður að sjálfsögðu miklu um endanlega útkomu gróðursetningarinnar. Eftir því sem skógræktarsvæðin verða eldri og stærri hlýtur hún að verða æ þýðingameiri liður skógræðslustarfsins. Hefur því í seinni tíð verið lögð stöðugt ríkari áhersla á hana. Á það sinn þátt í því, að árleg gróðursetning hefur upp á síðkastið dregist nokkuð saman. En frá góðri hirðingu má hvergi hopa.

Þá er það eitt atriði, sem nauðsynlegt er, að höfð sé fyrirhyggja um, en það er sambandið milli gróðrarstöðvanna, sem framleiða plönturnar, og þarfa þeirra aðilja, sem sjá um gróðursetninguna. Hér þarf stöðuga árvekni og aðgæslu, markvissa skipulagningu, þar sem miðað sé við árlega gróðursetningargetu þeirra höfuðaðilja, sem gróðursetninguna annast, - þ.e. Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna - og hvaða trjátegundir henti þeim svæðum, sem völ er á. Þetta er þó engan veginn vandalaust, því plöntur hæfar til gróðursetningar verða eigi hristar fram úr erminni á einu ári. Í plöntuframléiðslunni skilar sáning fræs ekki plöntum til gróðursetningar fyrr en eftir 4 til 5 ár. Af því leiðir, að gróðrarstöðvarnar verða við sáningu að byggja á gróðursetningarlíkum að 4-5 árum

liðnum. Þetta kallar á fastmótaða áætlun af hálfu gróðursetjenda um skógræðsluframkvæmdir þeirra. Skort hefur á slíkar áætlanir hingað til. En nú var þetta mál tekið til meðferðar á síðasta aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Akureyri. Markaði fundurinn þá stefnu, að efnt yrði til nýrrar könnunar og mats á stefnumiðum og starfi skógræktarfélaganna, og jafnframt yrði hafist handa um framkvæmdaáætlun nokkur ár fram í tímann, þar sem byggt yrði á fenginni reynslu og niðurstöðum þeirra rannsókna og tilrauna, sem völ væri á. Hér er um mikið verkefni að ræða, sem krefst bæði fjármagns og starfskrafta, til þess að því verði gerð sémileg skil, og um það þarf að vera nán samvinna milli Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna. Þurfa félögin nú þegar að gefa þessu máli fullan gaum. Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur þegar rætt þetta mál við skógræktarstjóra Hákon Bjarnason, sem heitið hefur þessu máli stuðningi og samvinnu af hálfu Skógræktar ríkisins.

Í þessu sambandi er ástæða til þess að minna á, hve þýðingarmikið það er að hafa fengið Rannsóknarstöðina á Mógilsá, sem gegna mun mjög mikilvægu hlutverki í skógrækt komandi ára.

Auk hins beina skógræðslustarfs, sem þegar hefur verið vikið að, hefur Skógræktarfélag Íslands frá upphafi unnið að því, að auka áhuga manna og þekkingu á trjárækt til yndisauka við hús og býli. Hefur mikið unnist á þeim vettvangi. Er nú svo komið, vegna starfsemi skógræktarfélaganna, að afstaða alls almennings til skóg- og trjáræktar er orðin öll önnur en var fyrir 40 árum. Enn finnast að vísu menn, sem ekki vilja viðurkenna möguleika almennrar skógræðslu á landi hér, en þrátt fyrir þá afstöðu finnst vart sá maður, sem ekki telur sjálfsagt að prýða umhverfi húss síns með tré eða runnum, og þúsundir manna um allt landið ástunda nú þá ræktun.

Samfara þessu hefur Skógræktarfélag Íslands verið málsvari almennrar gróður- og náttúruverndar og til áhrifa þess má rekja þann almenna landgræðslu- og náttúruverndaráhuga, sem nú er vaknaður hér á landi og best sést af hinni miklu þátttöku almennings við stofnun Landgræðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands. Má um þetta atriði vísa til ágætrar greinar Snorra Sigurðssonar í ársritinu 1969.

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1970

Það verður og að teljast félaginu til tekna, að það hefur frá upphafi, þrátt fyrir lítil efni, gefið út myndarlegt Ársrit, sem er og verður gagnmerk heimild um sögu skógræktarinnar undanfarna áratugi.

Eigi má ljúka svo þessu yfirliti, að ekki sé getið um þau sérstæðu kynni milli íslensku og norsku þjóðarinnar, sem Skógræktarfélag Íslands stendur að. Á ég þar við skiptiferðir norskra og íslenskra skógræktarmanna, en þau samskipti hófust árið 1949 og hafa haldist allar götur síðan með reglubundnu millibili, þriðja hvert ár. Var 8. skiptiferðin farin nú í sumar. Þessi samskipti hafa átt ríkan þátt í því að efla áhuga Íslendinga á skógrækt. Þeir hafa í þessum ferðum sínum til Noregs komist í snertingu við skóginn, og lært að meta gildi hans til arðs og unaðar. Og Norðmenn hafa á þennan sama hátt tengst vináttuböndum við Íslendinga og lagt sig fram um að veita okkur aðstoð og vinna okkur gagn í skógræktarstarfinu. Til þessara samskipta má hiklaust rekja norsku þjóðargjöfina. Fyrir hana var kleift að byggja Rannsóknarstöðina á Mógilsá. En stofnun hennar og starfsemi er einn hinn merkasti áfangi í sögu hérlendrar skógræktar. Hefur stöðin, eins og þegar hefur verið vikið að, miklu hlutverki að gegna, og mun verða skógræðslunni ómetanleg lyftistöng.

Loks má minna á þátt Skógræktarfélags Íslands í skógrækt þeirri, sem bændur í Fljótsdal eru nú að hefja. Með henni er í fyrsta sinn í sögu landsins farið inn á þá braut, að skógrækt verði þáttur í búskap bænda.

Þá ber og að nefna viðleitni félagsins í þá átt, að ræktun skjólbelta verði tekin upp, en Rannsóknarstöðin á Mógilsá hefur nú fengið það mál í sína umsjá.

Enn eru ótalin ýmis mál, er Skógræktarfélag Íslands hefur unnið að og ástæða væri til að minnst á, en þetta verður látið duga að sinni.

Aðalatriðið er, að á þessum tímamótum getum við glaðst yfir góðu og merku starfi þau 40 ár, sem liðin eru frá því að Skógræktarfélag Íslands var stofnað. Félagið hefur með starfsemi sinni og stefnu sannað þá skoðun Sigurðar búnaðarmálastjóra Sigurðssonar, þess framsýna manns, sem hann setti fram á aðalfundi félagsins árið 1932, að það er hægt að ala hér upp og gróðursetja tré af fleiri tegundum, en menn höfðu áður gert sér vonir um, og að skilyrði til

skógræktar eru hér betri en flestir héldu. Fjörutíu ár eru ekki langur tími í sögu skógarins. Enn stöndum við, ef svo mætti segja, við jaðar hans. En allt er fertugum fært, segir máltækið og nú hefur þegar verið lagður svo góður grundvöllur að framtíðarstörfunum, að við getum stigið vonglaðir inn í fimmta áratuginn, í öruggri vissu um það, að með skógræktinni er verið að vinna landi og þjóð til gagns, því gróður jarðar er og verður eitt af dýrmætustu gæðum landsins og örlög þjóðarinnar ráðast af því, hvernig hún fer með þau verðmæti.

Um þessi gæði ber Skógræktarfélagi Íslands, og hverjum einstökum félagsmanni, að standa vörð. Það gerum við með því, að gefa landinu viðarhjálminn - hvort heldur hann er úr björk eða öðrum viðarmeiri tegundum - sem hlífir því, vermir það og þrýðir, og gerir það á þann hátt byggilegra. Með því starfi stuðlum við að heill og velferð fólksins, sem landið byggir, og tryggjum félagi okkar fullan þegnurétt í landverndar- og landgræðslustarfi komandi kynslóða.

Skógar á Norðurlandi

Skógur eru landkostir, sem mestan hluta Norðurlands skortir sárlega, einkum vestari sýslurnar þrjár, Húnavatns-, Skagafjarðar- og Vaðlasýslur. Ýmsar víðitegundir og lyng vaxa þó hvarvetna. Lítils háttar birkiskógur er þó í Fellssókn í Skagafirði og á Ársskógsströnd við Eyjafjörð, og er hann nýttur til kolagerðar. Í Kelduhverfi er skóglendi, sem Ásskógur heitir. Lítið svæði af Þingeyjarsýslu, þ.e. Fnjóskadalur og Laufássókn, skara fram úr öllum öðrum sveitum í þessu efni, því að Fnjóskadalsskógur stendur að verulegu leyti framar öllum skógum á landinu. Í Húsafellsskógi eru að vísu eins stórvaxin tré og í Fnjóskadal, en þau eru samt sem áður hvorki jafnbeinvaxin né há og þar, en ekki skilur á milli um meðferðina á skóginum, sem á báðum stöðum er hin versta.

Úr Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Þýð. St. St.

Bæjarnöfn og útbreiðsla skóga fyrir á öldum

Það hefur löngum verið Íslendingum efni til heilabrota, hvort og að hve miklu leyti landið hafi verið skógi vaxið á landnámsstímanum. Þau ummæli Ara hins fróða, í Íslendingabók, að landið hafi þá verið vaxið við milli fjalls og fjöru, hafa margir tekið bókstaflega, en saman við þetta blandast svo metnaður fyrir landsins hönd, ásamt rómantískri trú á landkostum í upphafi byggðar. Aðrir hafa svo dregið þetta mjög í efa, og talið, að ekki bæri að taka ummæli Ara í bókstaflegum skilningi. Þeir hafa bent á, að Ari notar þarna alkunnugt máltæki (orðtak), „milli fjalls og fjöru“, sem skilja megi á marga vísu, og hafi ólíklega verið til þess ætlast af honum, að það yrði tekið nákvæmlega, ella hefði hann orðað það á aðra lund. Þeir hafa einnig vitnað í ummæli, sem höfð eru eftir Brandi ábóta á Þingeyrum, en hann segir, að á Íslandi sé „enginn skógur utan björk, og þó lítils vxtar.“ Þess ber nú að gæta, að Brandur átti heima í skóglausasta héraði landsins, Húnaþingi, og er því ekki von, að hann beri skógunum vel söguna (sjá nánar síðar).

Enn er þetta skógamál ekki útkljáð, enda þótt flestir, sem þessi mál íhuga, hallist að því, að skógar hafi verið mun meiri á landnámsöld en þeir eru nú.

Fyrir nokkrum árum datt mér í hug, að það væri gaman að athuga, hvað örnefni segðu um þetta margrædda mál. Það er löngu vitað, að íslensk örnefni eru mikill sjóður rannsóknarefna, sem ekki hefur verið mikið ausið af til þessa. Að vísu má búast við, að flest örnefni séu yngri en svo, að þau veiti nokkurt svar um það hvernig gróðri landsins var farið fyrir nær þúsund árum síðan. Þó má ætla að bæjarnöfnin séu flest það gömul, að eitthvað megi marka af þeim, enda hafa þau örugglega tekið minni breytingum heldur en flest eða öll önnur örnefni, ef frá eru talin nöfn héraða, sveita og annarra landshluta, svo og nokkur fjalla- og vatnaheiti. Ég leitaði því fanga í gömlum bæjatölum (Aðallega Bæjatal 1915), og fór auk þess yfir öll herforingjaráðskortin, í leit að eyðibæj-

um, auk þess sem stuðst var við ritgerð Finns Jónssonar um ísl. bæjarnöfn í Safni til sögu Íslands.

Öll bæjarnöfn, sem fela í sér orðliðinn „skóg“ voru að sjálfsögðu tekin með, auk hinna venjulegu eiginnafrna Skógur eða Skógar. Auk þess tók ég með í skrána allmörg bæjarheiti, sem ótvírætt fela í sér nöfn eða heiti á skógi eða trjám eða einstökum trjategundum (víðinöfn- um þó sleppt). Loks voru svo öll bæjarnöfn tekin með, sem fela í sér nafnliðinn kol, enda verður að telja, að kol hafi ekki verið gerð nema þar sem talsverðir skógar voru fyrir.


Nánar er greint frá bæjarnöfnunum og flokkun þeirra, síðar í greininni. Bæjarnöfnin voru færð inn á meðfylgjandi kort (Mynd 1.).

Alls eru bæjarnöfnin um 80 talsins, en víða standa þó bæir með slíkum nöfnum svo þétt saman, að þeir verða ekki aðgreindir á litlu korti, og eru þeir því sameinaðir í einum punkti, en þess er getið í bæjaskránni hér á eftir, hvaða bæir eru sameinaðir á þennan hátt. (Í slíkum tilfellum er oftast um að ræða skiptar jarðir, sem halda nafni frumjarðarinnar, en aðgreinast með forlið.)

Það kemur ljóst fram á kortinu, að bæjarnöfn, sem fela í sér skógarheiti eða trjáa, eru alls ekki jafndreifð um landið, og ekki er dreifing þeirra heldur í beinu hlutfalli við bæjarfjöldann, eins og búast mætti við, ef þau væru alls staðar jafn tíð.

Ef miðað er við sýslur landsins, verður dreifingin þessi:

| | |
|---------------------------------------|-------|
| 1. N.-Ísafjarðarsýsla | 0 |
| 2. V.-Ísafjarðarsýsla | 2 |
| 3. Barðastrandarsýslur | 2 |
| 4. Dalasýsla | 9(12) |
| 5. Snæfellsness- og Hnappadalss. | 4 |
| 6. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla | 7 |
| 8. Gullbringu- og Kjósars. | 2 |
| 9. Ámessýsla | 6 |
| 10. Rangárvallasýsla | 4 |
| 11. V.-Skaftafellssýsla | 4 |



Mynd 1. Kortið sýnir dreifingu, bæja, sem kenndir eru við skóg eða tré, við, kol o.s.frv. Bæirmir eru sýndir með punktum. Nokkur skógarörnefni á hálendinu eru merkt sem þríhyrningar. Nokkur svæði (sveitarhlutar), sem kennd eru við skóga, eru merkt með láréttum strikum.

| | |
|-------------------------------|----|
| 12. A.-Skaftafellssýsla | 3 |
| 13. S.-Múlasýsla | 5 |
| 14. N.-Þingeyjarsýsla | 2 |
| 15. S.-Þingeyjarsýsla | 10 |
| 16. Eyjafjarðarsýsla | 6 |
| 17. Skagafjarðarsýsla | 4 |
| 18. A.-Húnavatnssýsla | 7 |
| 19. V.-Húnavatnssýsla | 0 |
| 20. Strandasýsla | 0 |

Enda þótt sýslurnar séu ekki mjög heppilegar einingar til viðmiðunar, kemur þó í ljós, að í nokkrar þeirra vantar skógbæina alveg, þ.e.a.s. í N.-Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu og V.-Húnavatnssýslu. en í A.-Húnavatnssýslu er aðeins eitt örnefni. Flest eru skógbæjanöfnin í Dala-, Árnes-, Eyjafjarðar-, S.-Múla- og S.-Þingeyjarsýslum, svo og í Borgarfjarðarhéraði (Mýra- og Borgarfjarðars.).

Ef ekki er miðað við neina sérstaka skiptingu, kemur í ljós, að allur norðurhluti Vestfjarða og héruðin umhverfis Húnaflóa (Húna-

þing), svo og Norðausturlandið frá Axarfirði að Vopnafirði, eru skógbæjalaus. Í aðliggjandi svæðum, eins og suðurhluta Vestfjarða, Skagafirði, Vopnafirði, norðurhluta Héraðs og á Norðurfjörðum á Austurlandi eru tiltölulega fá bæjanöfn. sem vitna um skóga.

Miðsvæði skógbæjanna eru tvímælalaust á Miðvesturlandi (við Hvammsfjörð), í ofanverðum Borgarfirði, í lágsvæitum á Suðurlandi, á Mið-Austurlandi (ofanverðu Héraði) og á austanverðu Mið-Norðurlandi (Eyjafjarðar- og S.-Þingeyjarsýslur).

Strjálíngur af skógbæjum er um allt Suður- og SA-land, og sunnanverða Austfirði.

Víða á landinu eru stór og smá landssvæði kennd við skóga. Sjaldan eru þó heilar sveitir, eða sveitarhlutar kenndir þannig, enda þótt þess finnist einnig dæmi. Ætla má að slík svæðisnöfn séu gömul, enda vitað um sum þeirra í gömlum heimildum. Þessi svæði eru merkt inn á kortið. *Skógar* á Fljótsdalshéraði (Um helmingur Vallahrepps er kallaður svo í daglegu tali,

en í honum er Hallormsstaðaskógur), *Skógarströnd* á Snæfellsnesi (sveitarheiti), *Þelamörk* í Eyjafirði (hluti af Glæsibæjarhreppi), *Þórsmörk* í Rangárvallasýslu (hluti af Fljótshlíðarhreppi). Það er athyglisvert að öll fjögur skógsvæðanöfnin eru nálægt áðurnefndum miðsvæðum skógbæjanna, eða jafnvel í miðju þeirra.

Skógheiti er víða að finna í örnefnum, og yrði of langt upp að telja. Á flestum slíkum skógörnefnastöðum er skógur eða kjarr enn í dag, og því má ætla að þau örnefni segi ekki mikið um upprunalega skóga, fram yfir það sem tilvera skóganna sjálfrá segir. Nokkur skógnefni vekja þó sérstaka athygli vegna staðsetningar sinnar, og má þar nefna t.d. örnefni *Brúarskógar* við Jökulsá á Dal, ofanverða, *Smíðjuskógar* við Skjálfandafljót ofanvert, *Skógarmannafljöll* á Mývatnsöræfum, og *Fítjaskógar* (*Hólaskógar*, *Bláskógar* o.fl.) við Þjórsá, ofan við Búrfell. Allir þessir staðir eru nú skóglausir, enda liggja þeir allir ofan við 300 m. h. sumir allt að 500 m. h. Þessir staðir hafa verið merktir inn á kortið sem þríhyrningar. (Mynd 1. bls. 9).

Sú heildarmynd, sem fá má af dreifingu örnefnanna, virðist því vera eitthvað á þessa leið: Í innsveitum Breiðafjarðar og Faxaflóa hefur verið mikill skógur, sem víða hefur teygst sig allt til sjávarins. Á sunnanverðum Vestfjörðum, Snæfellsnesi og Reykjaneskaga, hefur einnig víða verið skógur eða skógarkjarr, líklega ekki ósvipað því, sem þar finnst á nokkrum stöðum enn í dag. Ysti hluti nesjanna hefur þó verið að mestu skóglaus á þessu svæði, en lágt skriðkjarr má hafa þrífist þar. Allt láglendi Suðurlands hefur að líkindum verið vaxið skógi, en öfugt við Vesturlandið. er skógurinn þar þroskamestur í lágsveitunum, niður við sjóinn, einkum vestantil. Neðri hluti Rangárvallasýslu, einkum Landeyjarnar, hefur ef til vill verið skóglítill, og í efri hlutanum kann sandfok að hafa herjað á skóginn, einkum eftir að Heklugos hófust. Í Vestur-Skaftafellssýslu hafa að líkindum verið skógar hvarvetna þar sem jarðeldur eða jökulfljót náðu ekki að granda honum, en sandar hafa þá eflaust verið minni en nú. Svipað má segja um A.-Skaftafellssýslu, og syðri hluta Austfjarða. Á nyrðri Austfjörðum hefur að líkindum verið kjarr. Á Fljótsdalshéraði hafa verið miklir skógar, einkum á efra parti þess, en kjarr í útsveitum. Í Jökuldal og Fljótsdal hefur skóg-


urinn vaxið langt upp til fjallsins, líklega allt að 500 m hæð.

Í Vopnafirði hefur einnig verið nokkur skógur í innsveitum, en kjörr út með. Svæðið frá Vopnafirði að Axarfirði hefur að líkindum verið skóglaut. Þar með talin Melrakkasléttu og Langanes, en líklega hefur verið skriðkjarr á nokkrum stöðum á þessu svæði.

Á svæðinu frá Öxarfirði að Skagafirði hafa víða verið miklir skógar, einkum í innsveitum, eins og þar eru reyndar enn í dag. Einnig þar hefur skógurinn náð langt inn til landsins og upp eftir hálandinu. Þannig hefur svæðið milli Jökulsár á Fjöllum og Mývatnsfjalla, sennilega verið klætt einhvers konar skógi, en það er að meðaltali um 400 metra hátt yfir sjó. Þá hefur skógur vaxið í öllum framdölum Bárðardals og við Skjálfandafljót líklega inn að Kiðagili, en víðikjarr hefur teygst sig enn lengra inneftir hálandinu. Í útsveitum hefur allsstaðar verið kjarr, og líklega nokkur skógur í Fljótum.

Um Skagafjörð er erfitt að álykta, enda finnst þar furðu fá bæjarnöfn eða önnur örnefni um skóga. Sjálfsagt hefur meginíð af hinu eggsléttu láglendi héraðsins verið skóglaut graslendi, þá eins og nú. Er ekki ólíklegt, að það hafi laðað að sér landnámsmenn, fyrst allra héraða á Norðurlandi, þar sem gnótt var af beitara- og slægjulandi, en skógurinn ekki til trafala. Hafi því héraðið snemma orðið fjölbyggt, og sá skógur sem þar var fyrir, eyðst snemma af þeim sökum. Varla er þó ástæða til annars en ætla að skógur hafi klætt hlíðar í Skagafirði, og svo láglendið hið næsta þeim, og sjálfsagt hafa dalirnir verið alvaxnir skógi, en í útsveitum hefur verið kjarr, eins og við Eyjafjörð.

Í Austur-Húnavatnssýslu er aðeins einn bær, sem vitnar um skóg, en það er eyðibýlið Mörk í Laxárdal. Fleiri örnefni má finna í fjallaklasanum milli Skagafjarðar og Langadals, sem vísa á skóga. Þá eru og nöfnin *Kúluskógar* og *Tindaskógar*, við Svínavatn, sem eindregið benda til skógar á því svæði, þótt þar finnst nú engin hrísla. Af þessu má ætla, að austurhluti sýslunnar hafi víða verið skógi vaxinn, eða a.m.k. dalirnir í Skagafjallgarðinum, svo og líklega Langidalur, Blöndudalur, Svartárdalur og Svínadalur. Í Blöndugili sem er ofan við byggð, finnst enn nokkrar skógarleifar, hinar einu, sem kalla má því nafni í Húnaþingi.



Mynd 2. Myndin sýnir útbreiðslu birkiskóga og kjarra á landinu, eins og hún er nú. Eiginlegir skógar eru merktir með svörtum skellum. en kjörr og kjarr skógar með láréttum strikum. - Kortíð er ekki nákvæmt. (Eftir ýmsum heimildum.)

Ekki er ósennilegt, að skógar hafi einnig verið í hlífðum í Vatnsdal og Víðidal, enda þótt örnefni sanni það ekki. Láglandi Vatnsdals hefur hins vegar að líkindum verið graslendi og mýrar, líkt og nú. Lágsveitirnar umhverfis Hópið og Húnafjörð hafa að öllum líkindum verið skóglausar eins og nú, en ef til vill hefur þar verið lágt kjarr.

Vestur-Húnavatnssýsla og Strandir, allt að Ísafjarðardjúpi hafa sennilega verið skóglausar, en þó er líklegt að kjarr hafi þrífist á ýmsum stöðum, a.m.k. skriðkjarr. (Í Jarðabók Á. M. er getið um rífhús til kolagerðar á nokkrum stöðum á þessu svæði). Í sem stystu máli, verður niðurstaðan því sú, að ekki skortir mikið á, að landið hafi verið skógi vaxið, milli „fjalls og fjöru“, eins og Ari segir, ef þau orð eru ekki tekin allt of bókstaflega. Þetta virðist eiga við um flesta landshluta, nema Norðausturlandið, vestasta hluta Norðurlands og norðurhluta Vestfjarða, en þar hefur þó að líkindum verið víðlent kjarrlendi. Meira að segja virðist svo,

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1970

sem skógurinn hafi á nokkrum stöðum teygst sig upp á fjöllin, ef svo má að orði komast.

Það er þó varla efamál, að víða hafa verið stórar eyður í skógana, í þeim héruðum, sem annars mátti telja skógi vaxin. Slíkar eyður hljóta að jafnan að verða af staðháttunum einum saman, t.d. hafa blautar mýrar og klettur ekki verið vaxnir skógi, og á árbökkum og eyrum hefur líklega aðeins verið víðikjarr. Þetta er svo sjálfsgagt mál, fyrir hvern þann, sem þekkir til skóga, að ekki þarf frekari umræðu við.

Næst er þá að athuga hvernig dreifing skógnefnanna fer saman við núverandi útbreiðslu skóga og kjarra í landinu. Þess hefur nokkrum sinnum verið getið í undanfarandi línum, að skógur eða kjarr fyrirfinnist enn á þeim stöðum, sem mest er um skógabæjarnöfnin. Á mynd 2 er útbreiðsla skóga og kjarra merkt inn á Íslandskort, í stórum dráttum. Af samanburði hinna tveggja korta er augljóst, að dreifing skógbæjanna fellur að mestu leyti saman við núverandi útbreiðslu birkiskóganna. Nokkur

frávik og tilfærslur eru þó frá þessari reglu. Þannig eru sveitirnar umhverfis innanvert Ísafjarðardjúp nú mikið vaxnar skógi eða kjörrum, en á því svæði finnst ekkert skógbæjarnafn. Þá er og mikið af kjarri í Arnarfirði og í Barðastrandarsýslu, en skógbæjarnöfn fá. Sérkennileg tilfærsla á sér stað á Suðurlandi. Þar eru örnefni flest í lágsvæitum, en núverandi skógar eru aðallega í miðsvæitum og efri sveitum. Loks er áberandi misræmi milli skógarbæja og núverandi skóga í Eyjafjarðarsýslu.

Í Eyjafirði vill þó svo til, að allgóðar heimildir eru tiltækar um skóga í því héraði fram eftir öldum, og er því ekki ástæða til að gera mikið úr misræminu þar. Svo mun og reynast víðar, þegar heimildir verða kannaðar, og styrkir þetta þá kenningu, að tilvera skógbæjanna vitni um tilveru skóganna á landnáms tíð. Hitt er annað mál, hvort vöntun skógnefna afsannar tilveru skógarins. Til þess bendir þó hið furðulega samræmi, sem kortin sýna hvað snertir Húnaþing, Skagafjörð og Strandir, svo og Norðausturland, en þar má yfirleitt segja, að hvorki séu skógar né skógnefni. (Í Steingrímsfirði og Bjarnarfirði er þó lágt kjar, og sömuleiðis á smáblettum á NA-landi).

Einhver kann nú að halda, að þessi niðurstaða sýni aðeins það, að skógbæjanöfnin séu orðin til á síðari öldum, eftir að skóginum var að verulegu leyti eytt. Þessum mótbárum verður ekki auðveldlega neitað, nema með nákvæmri rannsókn á aldri viðkomandi örnefna. Slík rannsókn kostar mikla heimildakönnun, sem ekki er á mínu færi að gera, en sjálfsagt verður það einhvern tíma gert af öðrum. Lausleg athugun á skógbæjanöfnum í Íslendingasögum, leiðir þó í ljós að mikill hluti þeirra hefur hlotið nafn sitt, a.m.k. á þeim tíma, er sögurnar voru almennt ritaðar, þ.e. á 13. öld, og virðist þá varla ástæða til að ætla, að þau séu ekki talsvert eldri, og sjálfur er ég sannfærður um að svo sé.

Niðurstöður þessara athugana sýna, m.a., að landið er misjafnt, hvað snertir skilyrði til skógvaxtar, svo að á allstórum svæðum á NA- og NV- hornum landsins, þrífst birkiskógur ekki í meðalárferði, og nær a.m.k. ekki þeim þrífum, að geta kallast skógur, enda þótt sömu tegundir nái þar fóttfestu. Þetta er reyndar í allgóðu samræmi við niðurstöður veðurmeðlinga á síðari áratugum, svo og almenna reynslu í tilraunum með

skógrækt. En þær sýna jafnframt það sem merkilegra er, að erfitt reynist að útrýma skóginum til fulls, á þeim stöðum sem hann hefur hvað best skilyrði hér á landi. Gott dæmi um það eru þingeysku skógarnir, sem um 1800 virðast hafa verið eyddir að mestu leyti, en hafa síðan vaxið upp og orðið meðal fegurstu skóga landsins, sumir án þess að nokkuð væri fyrir þá gert. Í Eyjafjarðarsýslu hefur útrýmingin að vísu tekist að mestu leyti, en þó ekki meira en svo, að enn leynast víða hríslur í giljum og klettum, og sumsstaðar jafnvel lifandi rætur í jarðvegi. Sama er að segja um Fljótisdal, norðan Lagarfljóts, Fljótshlíð o.fl. staði.

Á útskögum á NV-, N- og Austurlandi, er víða einkennilegt skrífandi birkikjarr, sem ég hef kallað skrífirki. Ekki virðist þetta kjar þó vera sérstök birkitegund, heldur miklu fremur blanda af mörgum smátegundum, sem sumar hafa svipaða blaðgerð og skógbirkið. Ég hef áður látið í ljósi þá skoðun, að þetta skrífirki kjar muni vera leifar hins upprunalega kjarrs, sem óx á þessum stöðum, ef til vill lítið breytt frá því, sem það var á Landnámsöld. Svipað kjar má og finna víða á efstu skógarmörkum, svo og á stórum svæðum á Suður- og Vesturlandi. Má vera að það kjar sé einnig upprunalegt, þótt það verði ekki fullyrt hér. Sé það rétt, hafa skógarnir á Suður- og Suðvesturlandi verið að miklu leyti kjörr á almennan mælikvarða.

BÆJARNAFNASKRÁR.

I. Bæir, sem heita Skógar eða Skógur.

1. Skógar í Auðkúluhreppi (Arnarfirði), Vestur-Ísafjarðarsýslu (eyðibýli).
2. Skógur á Rauðasandi í Barðastrandarsýslu.
3. Skógar í Reykhólahreppi (Þorskafirði), Barðastrandarsýslu.
4. Skógar í Fellsstrandarhr., Dalasýslu.
5. Skógur í Miðdalahreppi, Dalasýslu (einnig Stóri-Skógur, Miðskógur og Skógskot).
6. Skógar í Kolbeinsstaðahreppi, Hnappadalssýslu (Ytri- og Syðri-Skógar).
7. Skógar í Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu (Litlu- og Stóru-Skógar).
8. Skógar í Reykholtshreppi (Flókadal), Borgarfjarðarsýslu.
9. Skógar í Laugardalshreppi, Árnassýslu (líklega nýbýli)? (ekki merkt á kortið).

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1970

10. Skógar í Austur-Eyjafjallahreppi, V.-Skaftafellssýslu (Eystri- og Ytri-Skógar).
11. Skógar í Mjóafirði, S.-Múlasýslu.
12. Skógar í Vopnafirði, N.-Múlasýslu.
13. Skógar í Óxarfirði, N.-Þing. (með Skógahlíð) (nýbýli).
14. Skógar í Reykjahverfi, S.-Þingeyjarsýslu.
15. Skógar í Hálshreppi (Fnjóskadal), S.-Þingeyjarsýslu.
16. Skógar í Glæsibæjarhreppi (Þelamörk), Eyjafjarðarsýslu.

II. Bæjanöfn, sem hafa skóg í fyrri nafnið.

17. Skógsmúli í Miðdalahreppi, Dalasýslu.
18. Skógskot í Miðdalahreppi, Dalasýslu (tekið með Skógi í Miðdalahreppi).
19. Skógarnes í Miklaholtshreppi, Hnappadalssýslu (Syðra- og Ytra-Skógarnes).
20. Skógarkot í Þingvallahreppi, Árness.
21. Skógsnes (eða Snóksnes), í Gaulverjabæjarhreppi, Árness.
22. Skógtjörn í Bessastaðahreppi, Gullbringusýslu.
23. Skógargerði í Fljótsdal, N.-Múl. (heittir nú Hjarðarból).
24. Skógargerði í Fellahreppi, N.-Múl.
25. Skógargerði við Húsavík, S.-Þing.
26. Skógarsel í Reykdælahreppi, S.-Þing. (Byggt 1816, en nafnið eflaust eldra).
27. Skógey í Nesjahreppi, A.-Skaftafellssýslu (eyja og eyðibýli?).

III. Bæjarnöfn með skóg sem síðari lið.

28. Glerárskógur í Hvammshreppi, Dalasýslu.
29. Magnússkógar í Hvammshreppi (teknir með Glerárskógum).
30. Ljárskógar í Laxárdalshreppi, Dalasýslu. (með Ljárskógaseli).
31. Svínaskógur í Fellsstrandahreppi, Dalasýslu.
32. Lækjaskógar í Miðdalahreppi, Dalasýslu.
33. Tröllaskógar í Rangárvallasýslu (eyðibýli).
34. Valskógsnes í Lóni (Bæjarhreppi), A.-Skaftafellssýslu (eyðibýli).
35. Kelduskógar í Berufirði, S.-Múl.
36. Vatnsskógar í Skriðdalshreppi, S.-Múl. (nú í eyði).
37. Hléskógar Grýtubakkahreppi (Höfðahverfi), S.-Þing.

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1970

38. Fagriskógur í Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu.
39. Árskógur í Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu (Stærri- og Litli-Árskógur).
40. Hlíðskógar í Bárðardal, S.-Þing.
41. Móskógar í Fljótum, Skagafjarðarsýslu (nú í eyði).

IV. Bæir, sem heita Mörk.

42. Mörk Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu? (Ekki merkt).
43. Mörk í Vestur-Eyjafjallahreppi, V.-Skaft. (Stóra-, Mið- og Syðsta-Mörk).
44. Mörk í Kirkjubæjarhreppi (Síðu), V.-Skaft. (Efri- og Neðri-Mörk).
45. Mörk í Bólstaðarhlíðahreppi (Laxárdal), A.-Húnavatnssýslu (eyðibýli).

V. Bæir sem heita Lundur eða hafa þann nafnið.

46. Lundar í Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu.
47. Lundur í Lundarreykjadal, Borgarfjarðarsýslu.
48. Lundur í Þverárhlíðahreppi, Mýrasýslu.
49. Lundur í Austur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.
50. Lundur í Fljótshverfi, A.-Skaftafellssýslu (eyðibýli).
51. Lundur í Hálshreppi, S.-Þing.
52. Lundarbrekka í Bárðardal, S.-Þing.
53. Lundur í Fljótum (Holtshreppi), Skagafjarðarsýslu.

VI. Bæjanöfn, sem innihalda nafniðina. tré, timbur, meitur, nætur o. fl.

54. Tréstaðir í Glæsibæjarhreppi, Eyjaf.
55. Timburvellir, í Hálshreppi (Fnjóskadal), S.-Þing. (eyðibýli).
56. Meidastaðir í Gerðahreppi, Gullbringusýslu. (Gæti eins vel verið kennt við rekavið, því ekki merkt á kortið).
57. Meidavellir í Kelduhverfi, N.-Þing.
58. Næfranes í Mýrahreppi (Dýrafirði), V.-Ísa-fjarðarsýslu (eyðibýli).
59. Næfurholt í Rangárvallahr., Rangárvallas.

VII. Bæir, sem kenndir eru við trjáheiti.

60. Björk í Sandvíkurhreppi, Árness.
61. Björk í Grímsneshreppi, Árness.
62. Björk í Saurbæjarhreppi, Eyjafirði.

63. Björk í Öngulsstaðahreppi, Eyjafirði.
64. Reynir í Hvammshreppi (Mýrdal), Vestur-Skaftafellssýslu (einnig Reynishólar, Reynishjáleiga, Reynisholt, Reynisdalur).
65. Reynivellir í Kjósarhr., Kjósarsýslu.
66. Reynivellir í Suðursveit, A.-Skaft.
67. Reynikelda í Skarðsstrandarhr., Dalasýslu.
68. Reynifell í Rangárvallahr., Rangárvallas.
69. Reynistaður, Staðarhreppi, Skagafirði. (Sleppt er ýmsum bæjarnöfnum með reyni þar sem það er sennilega dregið af akurrein).

VIII. Bæir kenndir við kol.

70. Kolgrafir í Eyrarsveit (Kolgrafarfirði), Snæfellsnesi (einnig Kolgrafasel).
71. Kolgröf í Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.
72. Kolviðarnes í Eyjahreppi, Hnappadalss.
73. Kolviðarhöll í Ölfushreppi, Árnessýslu.
74. Kolsholt í Villingaholtshr., Árness. (einnig Kolsholtshellir).
75. Kolslækur í Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu.
76. Kolmúli í Reyðarfirði, S.-Múl.
77. Kolgerði í Grýtubakkahreppi, S.-Þing.
78. Kolastaðir í Hvítársíðahreppi, Mýras.
79. Kolsstaðir í Miðdalahreppi, Dalasýslu.
80. Kolsstaðir (eða Kollsstaðir) í Vallahr., S.-Múl. (einnig Kolstaðagerði).
81. Kolugil í Þorkelshólahr., V.-Hún. (Ekki tekið með á kortið, enda líkl. ekki kennt við kol heldur kolu (ljóstæki).

Eflaust hefði mátt tína til fleiri nafniði, sem heimfæra mætti undir skóg eða tré eða trjáheiti. Hér er þó viljandi gengið fram hjá nöfnum, sem fela í sér nafniðina fura, greni, ösp, askur, víðir, einir. Tvö þau fyrstnefndu má ætla að eigi eingöngu við rekavið, enda eru þau aðeins við sjávarsíðuna (sama er og líkl. um nafnið Asparvík á Ströndum), en hin síðari vitna aðeins um tilveru viðkomandi runna, og geta verið óháð skógi eða birkikjarri. Ekki hefur heldur verið reynt að ná í allar samsetningar af orðum eins og lundur eða mörk, en þær virðast reyndar vera fremur fágætar í bæjarnöfnum. Loks eru nokkrir nafniðir, sem ætla má að hafi einhver tíma merkt skóg, t.d. holt, teigur, völlum, en ósannað er hvort svo var, eftir að landið byggðist.

Heiti úr viðarlíffræði

Fyrir skömmu var gefinn út í Reykjavík fjölritaður bæklingur „Heiti úr viðarlíffræði“, sem tekinn er saman af Haraldi Ágústssyni kennara.

Heiti bæklingins gefur til kynna, að í honum er að finna á íslensku máli algengustu heiti í viðarlíffræði. Við samningu hans studdist Haraldur aðallega við „Multilingual glossary of terms used in Wood Anatomy“, sem eru skýringar á hugtökum úr viðarlíffræði á sjö tungumálum, samin af „Committee on Nomenclature International Association of Wood Anatomists“.

Bæklingnum er skipt í þrjá kafla: Íslenskt - enskt orðasafn, enskt - íslenskt orðasafn og skýringar á hugtökum og er þeim raðað eftir stafrófsröð. Menntamálaráðuneytið veitti styrk til útgáfunnar.

Þýðing á orðum og hugtökum úr erlendum tungumálum er vandasamt verk, ekki síst þegar lítið er unnt að styðjast við daglegt ísl. mál. Hér skal ekki um það dæmt hvernig Haraldi hefur tekist til og mun reynslan, eins og jafnan áður skera úr um hvað lifir og deyr af nýyrðunum. En útgáfa bæklingins kemur í góðar þarfir, því að hér hefur alveg skort íslensk heiti á flestum þeim hugtökum, sem þessi fræði fjalla um. Þeir, sem hefðu áhuga á að eignast bæklinginn geta snúið sér til höfundar, en heimilisfang hans er Brávallagata 20 Rvík.

Þess má geta, að höfundur bæklingins hefur um mörg ár kynnt sér viðareiginleika fjölmargra trjátegunda og er hann allra manna fróðastur um það efni hér á landi. Hefur hann m.a. komið sér upp álitlegu safni viðarsýnishorna og er þar að finna fjölmörg sýni, sem safnað hefur verið frá stöðum víðsvegar um heim. Mun láta nærri að í safni Haralds séu nú um 1370 viðarsýni og mun safn hans vera eitt stærsta trjáviðarsafn á Norðurlöndum. Allt þetta hefur kostað Harald mikla vinnu og fyrirhöfn, og hefir hann unnið að þessu í tómsundum af einstakri natni og áhuga.

Sn.Sig.

Um sitkagreni

YFIRLIT.

Sitkagreni hefur verið ræktað hér í röska fjóra áratugi, en framan af aðeins sem garðtré. Reynslan af því sem skógartré er ekki nema um tuttugu ár. Samt sem áður gefur hún góð fyrirheit um ræktun þess, og er því tímabært að skýra ofurlítið frá henni.

Þrátt fyrir skaða þá, sem urðu á sitkagreni víðs vegar á Suðurlandi í apríl 1963 eftir löng vetrarhlýindi, er það æ betur að koma í ljós, að þessi trjátegund vex og þrífst betur en aðrar allt frá Hornafirði og vestur að Ísafjarðardjúpi.

Fram að þessu hefur lítið verið skrifað um sitkagrenið. Í Ársriti Skógræktarfélags Íslands eru stuttar greinir og lýsingar á sitkagreni árin 1939, 1943, 1957 og 1964, en þá er að mestu upp talið, sem um það hefur verið skrifað.

Sitkagreni vex á Kyrrahafsströnd Norður Ameríku frá Californíu til Alaska, og er sú strandlengja nærri 4000 kílómetrar á lengd. Á suðurhluta útbreiðslusvæðisins vex það sjaldan meir en 40-50 km. frá sjó, en norðar nær það sumstaðar um og yfir 100 km. frá sjó. Í Alaska vex það á ystu hólum og eyjum, og sýnir þetta að tegundin bæði þolir og þarf sjávarloft til að þrífast.

Sitkagreni er stórvaxnasta grenitegund heims, og nær það mestum þroska í Washington og á Queen Charlotte Island. Hæsta sitkagreni, sem mælst hefur, var yfir 95 metrar á hæð og nærri 5 metrar í þvermál Við Point Pakenham, sem er aðeins 30 km. sunnan við norðurmörk grenisins, mældi ég 40 m hátt tré, sem var 1,7 m í þvermál í mannhæð frá jörðu. Aldur þess var milli 400 og 450 ár. Annars er hámarksaldur sitkagrenis talinn um 700 ár.

Í Alaska vex sitkagrenið allt upp í 600 m hæð í suðausturhluta landsins en ekki nema upp í 200-300 m hæð er vestar og norðar dregur. Þar vex það víða fyrir opnu hafi og er furðu stormþolið. Sitkagreni er hvergi nærri eins vandlátt hvað jarðveg snertir og t.d. rauðgreni. Það þrífst best í gljúpum og frjóum jarðvegi, þar sem ferskur raki er, og þar vex það

hratt, en hinsvegar getur það lifað í margskonar jörð, en þá verður vöxturinn auðvitað eftir því. Þó fer það hvergi út á mýrar þar sem vatnsuppistaða er. Þegar nálarnar eru langar og mjúkar og stinga lítið líður trénu vel, og kemur það einnig fram á lengd árssprotanna. Nálarnar geta líka haft eðlilega lengd en verið stinnar og stingandi og ber það þá vott um skort á loftraka. Séu þær hinsvegar bæði stuttar og stinnar skortir tréð bæði raka og næringu, enda verða þá árssprotarnir styttri en ella.



Útbreiðsla sitkagrenis, *Picea sitchensis*. Harlow and Harrar 1941.



Sitkagreni á öðru sumri.

Ljós.: V. Sigtr. '70.

Sitkagreni fer að bera fræ úr því að það er 20-30 ára, og eru 3-5 ár milli blómgunarára. Fræfallið eykst eftir því sem trénn eldast og fræþroskinn verður betri. Fræin eru lítil, miklu minni en rauðgrenifræ, og eru um 450 þúsund fræ í hverju kg. Er þetta m.a. orsök þess, hve uppeldi sitkagrenis er miklu erfiðara en rauðgrenis, þar sem sitkagreniplönturnar hafa minna veganesti frá móðurinni.

Þar sem sitkagreni og hvítgreni mætast á Kenaískaganum í Alaska víxlfrjófgast þau, og þar eru kynblendingar þessara trjátegunda á stóru svæði. Eins hafa fundist kynblendingar af sitka og blágreni norðarlega í British Columbia, þar sem þessar tegundir mætast á litlu svæði. Þá hafa menn og æxlað saman rauðgreni og sitkagreni. Kynblendingarnir hafa oft ýmsa kosti eða eiginleika, sem hafa má gagn af.

INNFLUTNINGUR FRÆS.

Sitkagrenifræi var sáð hér á landi á fyrstu árum aldarinnar, en þær sáningar hafa mistekist með öllu, því ekki eru til nein sitkagrenitré frá þeim tíma. Á árunum milli 1920 og 1930 var lítið eitt flutt inn af sitkagreniplöntum til ræktunar í gördum. Þessar plöntur komu einkum úr gróðrarstöð skógræktarfélagssins í Berg-

en, en eitthvað kom frá Danmörku. Til eru nokkur tré frá þessum tíma í Reykjavík og nágrenni, en flest er nú glatað og gleymt um uppruna þeirra.

Eftir 1932 var reynt að afla sitkagrenifræs frá þeim stöðum í Alaska, sem ætla mátti samkvæmt veðurskýrslum að hefðu svipað veðurfar og hér er um sunnanvert landið. Fyrst var leitað til Noregs, því að forstöðumaður skógtílaunastöðvarinnar í Bergen, Anton Smitt, hafði farið til Alaska árið 1918 og aflað fræs af ýmsum tegundum trjáa, sem talið var að henta myndu á vesturströnd Noregs. Anton Smitt reyndist okkur hollráður og útvegaði okkur nokkuð af fræi og plöntum, en hávaðinn af því, sem hann hafði undir höndum, var af suðrænum stofni að okkar dómi.

Fyrir því var ekki um annað að ræða en að leita til skógstjórnarinnar í Alaska. Eftir langar og ýtarlegar bréfaskriftir fóru að berast hingað smá fræsendingar, en það var fyrst haustið 1940 að töluvert fræmagn kom hingað og eins árið eftir. Haustin 1943 og 1944 fór Vigfús Jakobsson til Alaska og safnaði fræi, og árið eftir fór ég þangað ásamt Vigfúsi, sem þá var við skógræktarnám í Seattle. Var fræi safnað á ýmsum stöðum við Prince William Sound og á Kenaískaga í þessum ferðum. Og enn fór Vigfús til Alaska haustið 1947 í sömu erindagerðum. Í þessum ferðum var safnað miklu magni af fræi, sem entist fram að 1950. En sakir kunnáttuleysis og óviðráðanlegra atvika fór allmikið fræmagn í súginn, og því fór Einar G. E. Sæmundsen til Alaska haustið 1950 og kom heim með mikið af fræi frá Montague eyju. Eftir þetta var hætt sjálfstæðum söfnunarferðum til Alaska þar sem fræverslun í Seattle bauðst til að taka að sér söfnun fyrir okkur á þeim stöðum, sem við æsktum. Árið 1951 var keypt nokkuð fræ af Jóni H. Björnssyni, sem hann og bróðir hans höfðu safnað á Kenaískaga. Haustið 1958 fór Ágúst Árnason í fræsöfnunarferð til Alaska á vegum Manning Seed Company en að undirlagi okkar, og náði hann í nokkurt magn, er við keyptum af fræversluninni.

Allt frá 1952 hefur Manning Seed Company annast söfnun fyrir okkur í Alaska uns verslunin hætti fyrir 3 árum. En síðan hefur Silvaseed Company, sem rekið er af fyrri starfsmönnum hins félagsins, tekið að sér fræsöfnun í Alaska.

Sitkagreni við Suðurgötu í Reykjavík. - Kvæmi: Pigot Bay. Plantað 1952 og er myndin tekin árið eftir.



UPPELDI.

Uppeldi sitkagrenis í gróðrarstöðvum er snöggt um erfiðara og meiri vandkvæðum bundið en annarra trjategunda. Kemur þar fyrst til, að fræin eru lítil og ungvíðið viðkvæmt, en að auki er plöntum á fyrsta ári mjög hætt við kali, einkum á haustin. Afföll geta því oft orðið mikil þegar illa árar. Hér á landi hefur það ráð verið upp tekið fyrir mörgum árum, að sá öllu sitka-

grenifræi undir gleri. Með því móti má verja sáðplönturnar fyrir hrakveðrum og þær verða miklu þroskaðri en ella að haustlagi og því auðveldara að verja þær holklaka yfir veturinn. Á allra síðustu árum hefur plast komið æ meira í stað glers, og vænta má að allt uppeldi verði brátt eingöngu í plasthúsum.

Sitkagreni er yfirleitt ekki hætt við sveppasjúkdómum í gróðrarstöðvunum, en þó kemur



*Sitkagrenið við Suðurgötu.
Reykjavík.
Ljós.: V. Sigtr. '70.*

fyrir að rótarhálsfúa verður vart um það leyti sem plantan varpar af sér fræskurninu. Sóttþreinsun jarðvegs og hreinlæti getur að mestu eða öllu komið í veg fyrir rótarhálsfúa.

Við dreifsetningu verður að setja sitkagreni með snöggt um meira bili á milli plantna en rauðgreni, varla undir 8 cm bili í röðinni. Sitkagrenið þarf að hafa nægilegt vaxtarrými fyrir neðstu greinakransana. Fari svo að þeir skemmist eða nái ekki nægum þroska, getur það valdið nokkurra ára vaxtartregðu eftir að plantan hefur verið gróðursett.

KVÆMI OG RÆKTUN

Eins og að framan getur hefur sitkagreni frá verið sótt til fjölda staða í Alaska allt frá 1940. Vitaskuld hefur uppruni fræs eða kvæmi tegundarinnar, eins og það nú nefnist, hvað mesta þýðingu, þegar tré eru flutt í nýtt umhverfi. Þótt sitkagreni hafi verið ræktað í öðrum löndum um meir en aldar skeið hafa engar viðhlítandi kvæmisrannsóknir verið gerðar, sem við Íslendingar getum haft not af. Hér hafa verið gróðursettir nokkrir tilraunareitir með ýmsum kvæmum, en trén í þeim eru enn of ung til að nokkuð verði af þeim ráðið. Sennilega þarf enn að líða áratugur áður en mæla megi mun á vexti og þroska kvæmanna svo að örugg niðurstaða fái.

Reynsla okkar af ræktun sitkagrenis tekur nú yfir röska tvo tugi ára, eins og áður segir, og má margt af henni læra. Einkum kom það glögg í ljós við skaða þá, sem urðu á sitkagreni í apríl 1963, að mikill munur var á þoli ýmissa kvæma.

Aðdragandinn að sköðunum var sá, að eftir óvenju hlýjan sex vikna kafla frá febrúarlokum og fram í apríl kom hörkufrost á örskömmum tíma. Mörg kvæmanna höfðu lifnað svo við hlýindin, að þau voru að byrja vöxtinn þegar frostið kom, og þeim var auðvitað vöðinn vís. Ýmsir munu ef til vill halda að slíkir skaðar og þeir, sem hér urðu, séu einsdæmi. En svipað og þetta kom fyrir í Danmörku árið 1938, þegar urmull erlendra trjátegunda stórskemmdist af nákvæmlega sömu orsökum og hér. Og þetta kom einnig fyrir þar og í Norður-Þýskalandi vorið 1962.

Þegar hretið skall á hér á Suðurlandi hinn 9. apríl stóðu 4 kvæmi sitkagrenis hlið við hlið í einum reitanna í gróðrarstöðinni á Tumastöðum. Voru plönturnar jafngamlar og bjuggu allar

við sömu skilyrði. Eitt kvæmið var vaxið upp af fræi, sem safnað hafði verið í Hveragerði haustið 1957. Það var af trjám á lóð Magnúsar Ágústssonar, héraðslæknis, sem var plantað af börnum Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra, en ekki er kunnugt um uppruna þeirra. Að líkindum eru þau upp vaxin af fræi, sem kom frá suðausturhluta Alaska 1931 eða 1932. Á þessum plöntum sá ekki neinar skemmdir. Næst var kvæmi vaxið upp af fræi, sem safnað hafði verið á Tumastöðum. og er uppruni foreldranna ókunnur, en þau munu hafa komið frá Noregi árið fyrir styrjöldina sem smáplöntur. Af þessum plöntum lifðu 3/5 eða 60%. Þriðja kvæmið átti ætt sína að rekja til nágrennis Homers í Alaska, og af því lifði röskur þriðjungur eða 36%. Fjórða kvæmið var frá Lawing við Kenaivatn í Alaska og af því lifði röskur fimmti hluti eða 23%. Samtímis fékkst reynsla fyrir því, að sitkagreni frá Cordova lifði hretið betur af en önnur kvæmi á Tumastöðum, að Hveragerðistrjámum undanskildum.

Af þessu má ráða, að sitkagreni frá stöðum, sem liggja fyrir opnu hafi, reyndust betur en þau, sem ættuð voru innar af landi, þar sem vetrarríki er meira. Ennfremur slapp suðrænasta kvæmið við áföll. En þar sem uppruni þess er ókunnur vitum við ekki hvar samskonar trjáa er að leita, og við vitum ekki nema að kvæmið kunní að vera of suðrænt, svo að það geti orðið fyrir öðrum og annarskonar áföllum, er tímar líða.

KVILLAR OG SJÚKDÓMAR

Sitkagrenið hefur ekki reynst kvillasamt, svo að tilfinnanlegt mein hafi orðið að. Því fylgja þó að minnsta kosti tvær tegundir lúsa. Önnur þeirra er örsmá og dökk og nefnist *Neomyzaphis abietina*. Hún kemur einkum fram eftir milda vetur og veldur stundum miklu barrfalli. Töluverð brögð urðu að ásókn hennar eftir skaðana 1963, en síðan hefur hennar lítið orðið vart. Hin lúsin er miklu stærri og nefnist *Cinaropsis pilicornis*. Er hún allt að 2-3 mm á lengd og sýgur safann úr yngstu ársprotunum. Vætlar þá oft mikill harpix úr greinunum og stírnir á dropana í sólskini. Lúsin er afar viðkvæm og situr mjög laust, þannig að mikið af henni fellur til jarðar, þegar greinarnar eru hristar. Er auðvelt að vinna bug á þessari lús með vægu eitri og meira að segja hverfur mikið

Sitkagreni í Barmahlíðar-
girðingu, A.-Barðaströnd.
Plantað 1951.

Ljósm. Sn. Sig. 1967.



af henni, ef trén eru sprautuð með vatni af nokkrum þrýstingi.

Þá kemur það fyrir, að fiðrildalirfur geta nagað endasprotu ungra sitkatrjáa, og ber helst á þessu, þegar mikið er um maðk á birki. Grasmaðkur getur og valdið samskonar skaða, þegar mikið er um hann. Til eru og skordýralirfur, sem éta sig inn í árssprotana og hola þá að innan, en ekki hafa verið mikil brögð að þessu enn sem komið er.

Um sveppasjúkdóma á sitkagreni vitum við lítið sem ekkert, enda hefur þeirra ekki orðið vart svo að sýnlegt hafi verið. Erlendis hefur hunangssveppur, *Armillario mellea*, oft valdið tilfinnanlegu tjóni með því að feygja stofn og rætur á miðaldra trjám og eldri. Sá sveppur lifir á fjölda trjáteguna en veldur hvað mestum skaða á grenitegunum.

REYNSLA Á ÝMSUM STÖÐUM

Meðan reynslan ein verður að skera úr um ræktun sitkagrenis og ekki verður stuðst við

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1970

nákvæmar mælingar verður að dæma það af samanburði við vöxt annarra trjáteguna, sem vaxa við hlið þess. Hér skulu því nefnd nokkur dæmi.

Við Djúpavog eystra er trjáreitir, sem séra Trausti Pétursson hefur annast af kostgæfni. Reiturinn er á landi, sem hallar til austurs og suðausturs innan um klettarana og borgir og er opið fyrir hafvindum. Þar hefur ýmsum trjátegunum verið plantað á undanförunum árum. Sitkagrenið ber af þeim öllum að því er stærð og vaxtarhraða snertir. Næst því kemst birkið, en það er beygt og bæklað af hafvindum og nær ekki að vaxa upp úr skjóli klappanna. Harðviðrin hafa einnig sett mark sitt á sitkagrenið, en þau halda samt áfram að teygja sig upp á við.

Á Höfn í Hornafirði og nágrenni kaupsins hefur sitkagreni verið plantað á ýmsa staði. Þar er nákvæmlega sömu sögu að segja og við Djúpavog. Á landi, sem Einar Hálfðánarson á skammt ofan við þorpið, hefur sitkagreni vaxið upp í þéttum lundi, þar sem trén ná að



Sitkagreni í Braathenslundu á Stálpastöðum í Skorradal. Kvæmi: P. Pakenham. Gróðursett 1952. Á myndinni eru þeir Ludvig G. Braathen og Ágúst Árnason, skógarvörður.

Ljósm. H. B. 1968.

skýla hvert öðru, sést svo greinilega sem verða má að enginn gróður kemst í hálfkvæmi við það.

Í Staðarfjalli í Suðursveit er allstór girðing neðst í hárrí hlíð, þar sem ýmsum tegundum hefur verið plantað. Jarðvegur er frjór og jarðraki góður. Hér virðast sitkagreni, rauðgreni og stafafura þroskast álfka vel. Sitkagrenitrén eru þó helst til fá, til þess að unnt sé að bera tegundirnar saman. Hin stærstu þeirra bera samt af, en mikið af þeim hefur lent í skugga birkisins og ekki náð eðlilegum þroska. En hér eru rauðgrenin mjög jöfn og falleg og gefa sitkatrjánum ekki eftir. Stafafuran virðist einnig ætla að vaxa með eindæmum vel.

Þá má benda á brekku ofan við bæinn á Reynivöllum í sömu sveit, þar sem Þorsteinn Guðmundsson hefur gróðursett sitkagreni á undanförmum tuttugu árum. Þar hafa verið sett ýms kvæmi af sitkagreni og er þroski þeirra nokkuð misjafn. En þar sem töluvert miseldri er á reitunum er samanburður erfiður. Hinsvegar má bera vöxt grenisins saman við vöxt annarra tegunda, sem vaxa í gömlum garði þar rétt við, og er sá munur eigi lítilgreninu í vil.

Í Öræfum eru sitkagreni víða við bæi, t.d. á Kvískerjum, við Svínafell og Skaftafell, og er vöxtur þess yfirleitt góður.

Vestan Skeiðarársands er sitkagreni víða til á bæjum og á Kirkjubæjarklaustri eru nokkrir tugir þess innan um birkið í brekkunni ofan við bæinn. Þar er hvað fallegastur vöxtur í birki hér á landi og hraðastur, og það er ætlunin að láta það ná þeim þroska sem unnt er á þessum stað, enda er hugmyndin að nota þennan reit til birkiþræsöfnunar í framtíðinni. En hér gefst líka kostur á samanburði milli þessara tegunda er fram líða stundir.

Frá Vík og vestur á Hvalfjarðarströnd varð sitkagrenið fyrir hvað mestum áföllum 1963. Skaðarnir urðu mestir á láglandustu stöðunum en voru tiltölulega minni eftir því sem hærra kom yfir sjó. Um skaðana má lesa í grein í Ársritinu 1964, og skal því ekki fjölyrt um þá hér. Þrátt fyrir mikil afföll á ýmsum stöðum og einkum á ungum trjám, varð fjöldi trjáa eftir, ýmist lítið eða ekki skemmdur. Þannig er t.d. fallet sitkagreni í Krappanum við Eystri-Rangá, á Álfaskeiði og í Haukadal, svo að nokkuð sé nefnt. Í Svartagilshvammum í Haukadal sést hvað best hve jarðrakinn hefur mikla þýðingu fyrir þroska sitkagrenisins. Í botni gilsins, þar sem rakinn er mestur og ferskastur, hafa trén náð 6-7 metra hæð á 20 árum, en svo eru til jafngömul tré, þar sem jarðraka skortir tilfinnanlega, sem eru ekki nema 1,5 til 2 metrar á hæð.

Í Reykjavík er fjöldinn allur af sitkagrenitrjám í görðum, og eins er mikið af því við sumarbústaði manna í nágrenni bæjarins og í Heiðmörk. Meðal elstu trjáanna eru nokkur í garði Sveinbjarnar Jónssonar í Ártúnsbrekku, sem plantað var 1937. Þau tré komu frá Ekhauggróðrarstöðinni við Bergen og munu hafa verið 5-6 ára, er þau voru sett niður. Hæsta tréð er nú 10,6 metrar og 34 cm í þvermál í 1,3 m hæð

frá jörðu. Mörg önnur eru um 10 metra og álíka gild.

En þau tré, sem hvað mesta athygli hafa vakið, standa sunnan við kirkjugarðinn við Suðurgötu. Þessi tré eru vaxin upp af fræi, sem sáð var 1946 og safnað var á vesturströnd Prince Williamsflóa í Pigot Bay. Voru þau alin upp í gróðrarstöð Reykjavíkurborgar við Reykjahlíð í Mosfellssveit. Árið 1952 var þeim plantað á þennan stað undir stjórn Hafliða Jónssonar, garðyrkjustjóra borgarinnar. Hafa þau því vaxið 18 ár á þessum stað, og má fullyrða að þau hafi þrífist mæta vel. Í hretinu 1963 sluppu þau að mestu við skemmdir. En trén standa í grunnnum jarðvegi ofan á móhellu og er það takmarkað hve djúpt þau geta skotið rötum. Þá er og hætta á að rötfestan sé ekki nógu góð er trén stækka, og því gæti þeim orðið hætt til að falla í miklu roki.

Norðan við austurenda Skothúsvegarins standa einnig nokkur sitkagreni. Þeim var ekki plantað fyrr en þrem eða fjórum árum síðar, en þau standa í betri jarðvegi og á skýldari stað. Hæsta tréð er nú 7,5 metrar, en það segir að meðal hæðarvöxtur þess hafi verið nálægt hálfum meter á ári, og verður það að teljast mikill vöxtur. Þessi tré eru að öllum líkindum af sama kvæmi og hin þótt þau væru upp alin í annarri gróðrarstöð.

Víða um Borgarfjörð má sjá sitkagreni á ýmsum aldri, en samfelldar gróðursetningar eru aðallega á Stálpastöðum og lítlisháttar við Jafnaskarð. Á Stálpastöðum er allt að hektara reitur, er gróðursettur var 1952. Trén eru vaxin upp af fræi frá Point Pakenham, sem er norðan við Prince Williamsflóa. Þau voru 11 ára, þegar hretið dundi á þeim. Álitid var, að þetta væri eitt harðgerasta kvæmið, sem unnt væri að ná í til ræktunar hér á landi, því að Point Pakenham er ekki nema um 30 km sunnan við norðurmörk sitkagrenisins. En raunin varð nokkuð önnur, því að um 15% trjáanna ýmist dóu eða skemmdust mikið, og 27% töldust mjög illa leikin. En 58% voru talin heil eða lítið skemmd. Síðar hefur komið í ljós, að margt af þeim trjám, sem voru talin illa leikin, hafa náð sér furðanlega og skaðarnir ekki reynst eins miklir og fyrst leit út. Á Stálpastöðum eru víða ágæt gróðurskilyrði, og þar verður auðvelt að bera þroska sitkagrenisins saman við þroska bæði rauðgrenis og margra annarra tegunda. Eins

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1970

og er virðist rauðgrenið ekki gefa sitkagreninu eftir á þessum stað. Þroski þess er miklu jafnari en sitkagrenisins, en of snemmt er þó að gera upp á milli tegundanna. Enda slapp rauðgrenið áfallalaust í hretinu, en sitkagrenið þurfti sumt hvert nokkurn tíma til að ná sér.

Þegar kemur vestur á Vestfirði má víða sjá sitkagreni, sem hefur náð furðu góðum þroska, t.d. í Barmahlíð. Í hlíðinni inn af Ísafjarðarkaupstað og í Stóruðinni ofan við bæinn er greinilegt að sitkagrenið hefur töluverða yfirburði yfir rauðgrenið, og það hefur náð undraverðum þroska á sjávarbakkanum neðan við Læk í Dýrafirði.

Of langt mál yrði að nefna fleiri dæmi þótt af mörgu fleira megi taka. Þetta, sem hér hefur verið nefnt, ætti að nægja til að sýna, að sitkagrenið hefur reynst býsna harðgert hér á landi.

ÝMS ATRÍÐI

Rétt er, áður en skilist er við ræktun sitkagrenis hér á landi, að benda á fáein atriði í því sambandi.

Sá eiginleiki fylgir sitkagreni, að ef það veit vel við sól og birtu, myndar það nýjar en litlar greinar inn á milli þeirra, sem fyrir eru. Af þeim ástæðum verður krónan mjög þétt, og því er það allra grenitrjáa best í skjólbelti. Hér reyndist það ágætlega fram til 1963, er mikið af því féll eða skemmdist í skjólbeltunum. Þeir skaðar urðu einkum sakir þess, að viðkvæm kvæmi höfðu valist í skjólbeltin. aðallega kvæmið frá Lawing, sem mikið var til af einmitt þegar tilraunirnar með skjólbeltin hófust.

Þá skal þess og getið, að eftir köld og stutt sumur hefur stundum borið á vaxtartregðu á sitkagreni, sem áður hafði vaxið vel. Ýmsar ástæður geta auðvitað legið til slíks afturkippis, en í þessu tilviki virtist samt auðsætt að hér sé um skort á köfnunarefni að ræða. Komið hefur í ljós, að með því að gefa trjámum nokkurn skammt af kjarna, hreinu ammóníumnítrati, taka trén vaxtarkipp á ný. Allar líkur eru fyrir því, að rotnunin í jarðveginum sé svo hæg í köldum sumrum, að hún leysi ekki nægilega mikið köfnunarefni úr læðingi handa trjámum. Þessa verður líka vart hjá rauðgreni og jafnvel svo mjög, að trén eru með gulleitum blæ langt fram á sumar. Hinsvegar ber ekki eins á þessu hjá furutegundunum eða lerki. Ekki skal farið

ýtarlegar í þessi atriði því að þau þurfa frekari rannsókna við.

Með því að sitkagreni vex í héruðum, þar sem mikill loftraki er, hefur mjög lítið verið gert að því hér á landi að gróðursetja það fyrir norðan og austan land, þar sem úrkoman er lítil. Að vísu hefur því verið plantað í tilraunaskyni í Hallormsstaðaskógi og nokkrum stöðum norðanlands. Þykir rétt að biðja nokkuð enn og sjá hver þrif þessa trjáa verða áður en felldur verður dómur um það, hvort það sé nýtilegt á þessum slóðum. Elstu sitkagrenitrén á Hallormsstað eru frá árinu 1949, og fáein eru á Vöglum frá 1947. Vöxturinn hefur verið furðu hraður á báðum stöðunum, en ýmislegt bendir til að trén kunni ekki ávallt vel við sig.

Að endingu skal þess getið, að sitkagreni hefur iðulega borið þroskað fræ á ýmsum stöðum hér á landi allt frá því að trén hafa verið um tuttugu ára. Með því er það að öðlast borgararétt í hinu íslenska gróðurríki, og er fagnaðarefni því að sitkagrenið þolir storma og salta hafvinda öllum gróðri betur, og þar sem jarðvegur er við þess hæfi með frískum jarðraka má búast við góðum árangri af ræktun þess.

Fáein orð um Alaskalúpínu

Árið 1945 gerði Hákon Bjarnason sér ferð til Alaska m.a. til þess að safna trjáfræi. Jafnframt safnaði hann nokkrum runnum og jurtum á sömu slóðum. Meðal þeirra var lúpínutegund ein (*L. nootkatensis*), sem hér hefur verið kölluð Alaskalúpína. Í heimkynnum sínum í Alaska er tegund þessi algeng, t.d. í strandhéraðunum, þar sem hvarvetna má sjá hana í stórum breiðum milli skógarjaðars og fjöruborðs.

Hér á landi var Alaskalúpínan fyrst reynd á Þverárárum í Fljótshlíð. Þar var sett upp girðing, en tilgangslaust er að reyna ræktun hennar á ógirtu landi, því sauðfé nagar hana alveg niður í rót.

Lúpínan hefur reynst auðveld í ræktun og er nú algeng í mörgum skógræktargirðingum

í öllum landshlutum. Henni hefur verið plantað eða sáð í örfoka land eða lítt gróið land, þar sem innlendum gróðri hefur reynst erfitt að breiðast út af sjálfsdáðum.

Alaskalúpínan nær ekki fullum þroska fyrr en á þriðja sumri, og byrjar hún þá að bera blóm og þroskað fræ, en eftir það ber hún fræ árlega. Blómgunartími hennar er um miðjan júnímánuð og fræfall hefst í lok júlímánaðar og heldur áfram allt fram til byrjun október. Þar sem fræ lúpíunnar eru tiltölulega stór og þung, komast þau ekki ykja langt frá móðurplöntunni, en vindar og vatn hjálpa til við dreifingu plöntunnar.

Fyrir marga kosti er lúpínan eins og aðrar belgjurtir eftirsóknarverð. Rætur hennar ná djúpt í jörðu, og fyrir þá sök flytur hún steinefni úr neðri lögum jarðvegsins upp á yfirborðið. En stærsti kostur lúpíunnar, sem og annarra belgjurta er sá, að hún getur með aðstoð baktería, sem safnast í rætur hennar, notað sér köfnunarefni loftsins. Þegar ræturnar fúna í jarðveginum, fær hann aftur þau efni, sem plantan hefur frá honum tekið, og auk þess köfnunarefni það, sem plantan hefur fengið úr loftinu. Jarðvegurinn verður þannig frjórri og myldinn.

Af öðrum kostum lúpínu má nefna, að þar sem lúpína vex þétt tímgast ánamaðkur ört og hunangsflugum fjölgar mjög.

Þar sem töluverð spurn hefur verið eftir lúpínu, og að nægilegt fræ fæst nú ár hvert, þykir ástæða til að leiðbeina fólki um fjölgun hennar. Hér á eftir verður dregið á það helsta í því sambandi.

Fræ lúpíunnar spírar yfirleitt mjög vel. En þar sem fræskurnið er hart, liggur fræið oft sumarið yfir án þess að spíra. Til þess að flýta fyrir spírun er fræið lagt í bleyti nokkurn tíma fyrir sáningu. Tímabært er að sá því, þegar fræin fara að opnast.

Fræinu má annað hvort sá í beð eða beint í ógróið land, en skjótustum árangri er náð með því að planta lúpíunni.

*Alaskalúpína. Gróðursett í
örfoka mel.
Ljósm.
Þorsteinn Jóseppson,*



SÁNING Í BED

Best er að nota gamalt beð undir sáningu, sem ekki hefur verið borinn áburður í um lengri tíma. Lúpínan þolir illa köfnunarefnisáburð, og þar sem mikið er borið á, vill hún leggjast í legur. Fræinu er dreifsáð í beðið, og síðan er það rakað niður. Eftir sáningu er gott

að þjappa moldinni þéttingsfast saman, og ef þurrkar ganga er nauðsynlegt að vökva beðin.

Plönturnar verða aðeins 5-8 cm. háar á fyrsta sumri, og eru þær því nokkuð veikbyggðar til að mæta vetri. Eftir að plönturnar hafa fellt blöð að hausti, er rétt að þekja beðið með þurru torfi til þess að koma í veg fyrir skemmdir af völd-



*Alaskalúpína á örfoka
jökulurð við Hvaleyrarvatn.
Plantað með hnaus 1960, með
4-5 m bili.*

Ljósm. H. B. 1962.

um holklaka. en vorþurrkar og holklaki taka oft drjúgan toll af ársögmlum plöntum. Plöntur á öðru ári þurfa ekki þakningu, þar sem rôtarkerfi plönturnar er nú orðið svo mikið, að frost í jörðu nær ekki að lyfta þeim.

Á þriðja vori má stinga ræturnar upp og flytja hvert sem vill. Rétt er að skilja hæfilega margar plöntur eftir í beðinu og má þá taka plöntur úr því á hverju vori eftir þörfum um mörg ár.

SÁNING Í LÍTT GRÓIÐ LAND

Lúpínufraei má sá í berangur á hvaða tíma árs sem er, en heppilegast hefur reynst að sá því að hausti. Þá spírar fraeið snemma vors, en við vorsáningu má gera ráð fyrir því að nokkur hluti fræsins spíri ekki fyrir en að ári liðnu.

Ekki má sá fraeinu í lausan sand eða mold, því að hætta er á að plönturnar rósliðni og verpið upp af völdum holklaka. Þegar sáð er í flög og moldir hefir reynst vel að dreifa fraeinu í flagjaðrana, því þar er minnst hætta á holklaka. Síðar dreifir lúpínun sár af sjálfsdáðum um flagið. Bestri rötfestu nær hún í hörðum mel og á milli steina í holtum.

Þar sem mikið er til af fraei við hendina og ekki þykir ástæða til að spara við sig frá, hefir lúpínunni verið fjölgað á þann hátt, að hún er fyrst slegin og síðan er stönglum með fræbelgjum dreift yfir það svæði, sem sá á í. Við þetta sparast frætúnsla og annað það, sem henni fylgir og þar að auki skýlir affallið hinum ungu og viðkvæmu fræplöntum í uppvexti.

PLÖNTUN Á VÍÐAVANGI

Plöntur á þriðja vori og eldri eða öllu heldur rætur þeirra má gróðursetja í ógróíð land.

Er þá lúpínunni fjölgað með skiptingu eins og rabarbara. Lúpínuhnausarnir eru teknir upp í heilu lagi, og er þeim skipt í marga smærri hnausa, en ekki smærra en svo að rôtarstönglarnir haldist sem heillegastir. Gerð er hola fyrir hvern hnaus t.d. með gróðursetningarhaka, holan fyllt og jarðveginum síðan þjappað að plöntunni. Sé hætta á holklaka hefir reynst vel að setja steina að plöntunum eftir gróðursetningu og koma þeir oftast í veg fyrir að plönturnar rósliðni og lyftist upp af völdum frosts.

Nauðsynlegt er að planta lúpínunni eins fljótt út að vorinu og tók eru á, eða strax og

klaki er að fara úr jörðu, annars á maður á hættu, að ræturnar þorni um of og er þá gróðursetningin unnin fyrir gíg. Reynist ekki unnt að gróðursetja á réttum tíma og hafi plönturnar náð nokkrum vexti hefir verið gripið til þess ráðs að skerða blaðflöt þeirra, t.d. með því að fjarlægja stærstu blöðin. Við þetta minnkar útgufun frá plöntunni og er þá minni hætta á að hún veslist upp af völdum þurrka.

Kjarrleifar í Miðfirði

Magnús Jónsson frá Torfastöðum segir svo frá 1966:

Að sögn Guðmundar Jónssonar, er var greindur maður, var hrísbreiða í Bjargsbuug norðan við Bjarg í Miðfirði um 1860, en hann er á milli Miðfjarðatár og Urriðaár. Þá var og hrísbreiða fram að 1896 við Spena (Litla Hvamm) milli Miðfjarðarár og Vesturár,

Þetta kemur vel heim við jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem telur víða hrísrif, eldiviðartekju og við til kola á mörgum jörðum í Miðfirði. Er því óhugsandi annað en að þar hafi enn verið nokkuð kjarr á ýmsum stöðum fram á 18. öld.

Nytsemi birkis

Helstu not af birkinu eru þau, að það er haft í húsbök undir torfi, einkum á fjósum og fjárhúsum. Úr viðarnýra¹⁾ eru smíðaðar tóbaksdósir og aðrir smáhlutir. Kol eru gerð bæði úr birkigreinum og fjalldrapa. Til húsagerðar hefir birki þann kost, að það fúnar seint, einkum ef það er afbirkt. Skinn eru verkuð og lituð rauðbrún úr birkiberki. Verða þau þéttari við þessa meðferð, sem er harla óbrotin. Verð á birkitrám er mismunandi, og fer það eftir stærð þeirra. Norðanlands eru 20 raftar seldir á eina krónu.

Úr Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Þýð. St. St.

1) Viðarnýra er sjúklegt æxli á trjám.

Missagnir um Bæjarstaðarskóg

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í ágústmánuði 1968 var borin upp og samþykkt tillaga um það, að stjórn félagsins gerði ráðstafanir til þess „að koma í veg fyrir þá hnignun Bæjarstaðarskógar, sem nú á sér stað og yfir honum vofir. Jafnframt verði séð fyrir eðlilegum vexti hans og viðgangi.“

Í bók um þjóðgarða Íslands, sem út kom í fyrra og skrifuð er af formanni náttúruverndarráðs segir svo orðrétt á bls. 16: „Dálítið fyrir innan Jökulfell er Bæjarstaðaskógur, sem löngum var talinn einn hávaxnasti skógur á Íslandi, en er nú víða hrörnandi, sökum þess að allt er að kafna í mosa og lággróðri. Þó er í Bæjarstaðaskógi mikið af háum trjám, mörg yfir 10 metrar á hæð. Aðallega er þetta birki, fáein há og beinvaxin reyniviðartré eru þarna og lágvaxnari reynir og víðir á stangli.“

Hvaðan flutningsmanni tillögunnar eða formanni náttúruverndarráðs kom sú vitneskja, að Bæjarstaðarskógur væri í hnignun og hrörnandi sakir mosa og lággróðurs hef ég enga hugmynd um. Hinsvegar hef ég heyrð allskonar orðróm utan að mér um bágt ástand skógarins, en hann mátti rekja til manna, sem rekið hafa hnýflana í skógræktina hvenær sem færi var.

En úr því að þetta mál komst inn á fund Skógræktarfélagsins og formaður náttúruverndarráðs setti þetta á prent á þrem þjóðtungum auk íslensku er ástæða til að skýra frá ástandi skógarins eins og það er.

Hinn 24. september í fyrra fór ég ásamt Sigurði Blöndal skógarverði í Bæjarstaðarskóg til þess að við gætum gengið úr skugga um, hvað hæft væri í tillögunni og skrifunum. Með því að fara um allan skóginn þveran og endilangan komumst við að því, að það er ekki minnsti fótur fyrir því að skógurinn sé í hnignun né hrörnandi sökum þess að allt er að kafna í mosa og lággróðri. Er það því gripið úr lausu lofti, sem þessir ágætu menn hafa staðhæft.

En úr því að minnst er á Bæjarstaðarskóg tel ég rétt að skýra nokkru nánar frá honum og með hvaða hætti hann var friðaður, því að

margt vill gleymast á skemmri tíma en 35 árum.

Bæjarstaðarskógur stendur yst í norðurhlíðum Morsárdals utan í bröttum og ófrjóum skriðum. Hann er um 5 km norðvestur frá Skaftafelli og í um 100-130 m hæð yfir sjó. Skógurinn vex á 2-4 m þykkum jarðvegstorfum, sem taka yfir tæpa 10 ha lands. Djúpir og langir geirar hafa skorist í torfurnar að ofan af völdum vatns og vinda. Ná tveir þeirra gegnum allan skóginn og niður á aur, og er sá vestari all breiður.

Árið 1935 gerði Skógræktarfélag Íslands samning um friðun Bæjarstaðarskógar við þáverandi eigendur Skaftafells. Þessi samningur er enn í gildi þótt jörðin hafi skipt um eigendur. Skógræktarfélagið átti litla sem enga fjármuni um þær mundir til að rísa undir þeim kostnaði, sem af þessu leiddi. Því var leitað til margra fyrirtækja og einstaklinga um samskot til að koma verkinu af. Í Ársriti félagsins 1936 er skýrt frá þeim og ýmsu öðru, sem að verkinu laut.

Girðingin um skóginn var mjög vönduð og hefur staðið til þessa með litlum viðgerðum. Fyrir þremur árum féll hún á parti og var efni sent austur til viðgerðarinnar, en enn hefur ekki tekist að fá verkamenn til að setja nýja girðingu í skarðið. Hefur sauðfé því rásað nokkuð um skóginn undanfarin 3 sumur. Áður voru nokkur brögð að því í fáein ár, að fé hafði verið látið þar inn nokkra daga á haustin, en að öðru leyti hafa skógurinn og jarðvegsbörðin notið friðunar í 35 ár.

Þegar skógurinn var girtur árið 1935 voru jarðvegsrofin gróðurlaus með öllu og skriðurnar, sem skógurinn stendur á, svo að segja gróðurvana. Að vísu voru þar litlar birkiplöntur á stangli, en engin þeirra náði í skóvarp sakir beitarinnar. Sauðfé hafðist mikið við í skóginum á vori og hausti, en traðk þess losaði mjög mold í rofunum. Undirgróður var rónagað gras, en blómplantna gætti vart.

Skógurinn hefur nú notið friðunar í 35 ár, en um 4 ára skeið hefur verið nokkur beit, einkum

á haustin. Þrátt fyrir beitina má sjá mikinn árangur friðunarinnar, svo sem nú skal lýst. Ofan við skóginn hefur vaxið upp birkinýgræðingur, og hefur hann náð allt að 2 m hæð á einstöku stað. Nýgræðingurinn dregur úr vatnsrennsli niður hlíðarnar og sumsstaðar er hann farinn að skýla gömlu rofunum, alveg eins og búist var við þegar landið var friðað.

Jarðvegsrofin eru nú hvergi eins opin og þau voru því að bakkar þeirra hafa sigið niður og varið efsta jarðvegslagið fyrir vindum. Öll rofin, sem vita til vesturs á móti úrkomuáttinni eru nú allvel gróin og munu lokast alveg óðar en líður. Hinsvegar eru þau rof, sem eru í regnvari og vita mót þurkkáttinni, enn lítið gróin, og kemur þetta heim við reynslu á öðrum stöðum.

Þrátt fyrir það, að enn skuli vera til opin rof í skóginum, er jarðvegseyðingin svo til stöðvuð. Má færa sönnur á það með gömlum og nýjum myndum af sömu stöðunum. Ennfremur má geta þess, að þar sem mest hætta var á jarðvegseyðingu þegar friðun hófst, á örmjóum jarðvegsodda. sem gengur lengst upp af austustu torfunni í skóginum, nemur stytting oddans ekki nema 4 metrum frá því að girðingin var sett upp. Breidd oddans er mjög svipuð og hún var. Nú hafa börð oddans lagst niður á moldirnar, svo að hann styttist ekki meir, ef skógurinn fær áframhaldandi frið.

Bæjarstaðarskógi er ekki búin minnsta hætta eins og sakir standa, jafnvel þótt nokkur beit hafi verið innan hans síðustu árin. Afleiðing beitarinnar er einkum sú, að blómgresi er minna áberandi en áður, og eins er minna um rötarskot. Það er enginn mosavöxtur umfram það, sem eðlilegt er, og lággróður er ekki til.

Þegar gengið er um Bæjarstaðarskóg verður strax ljóst, að trén eru aðallega af tveim aldursflokkum. Annarsvegar eru tiltölulega fá tré, há og gild, en á milli þeirra eru grennri tré og nokkru lægri.

Mælingar á gildari og stærri trjánum sýndu 10,2 m meðalhæð, en hæsta tréð var 12,2 m. Meðalþvermál þeirra í 1,3 m hæð frá jörðu var 23,3 cm. Meðalaldur í þeirri hæð var 85 ár, en það segir að trén munu vera rösklega 100 ára. Þessi tré virðast mjög svo jafnaldra. Yngri trén voru ekki mæld í þetta sinn, en að líkindum eru þau um eða yfir 70 ára. Þetta má m.a. ráða af gömlum myndum, sem Kofod-Hansen tók kringum 1914 og birtar eru í Skógræðilegri lýs-

ingu Íslands. Allt bendir því til, að skógurinn hafi vaxið upp af tveim árgöngum trjáa, hver svo sem orsökinn kann að vera.

Þá má geta þess, að í Bæjarstaðarskógi eru engin há og beinvaxin reyniviðartré, eins og sagt er í riti formanns náttúruverndarráðs. Þegar skógurinn var girtur var þar ein margstofna og kræklótt hrísla, að vísu allmikil um sig, en henni var ekki við bjargandi þar sem hún hékk yst á háu moldarbarði. sem komið var að falli. Að vísu var hlaðið utan að henni, en hversu henni hefur reitt af veit ég ekki.

Nokkurt vandamál er, hvernig varðveita beri skóginn í framtíðinni. Eftir nokkra tugi ára fara hin eldri tré að feyskjast og falla, og alltaf kemur það fyrir að eitt og eitt tré deyi og falli til jarðar. Nú er það svo, að ýmsir ferðamenn hneykslast mjög á að sjá fúnandi stofna liggja á skógargrundinni og grotna þar. En ef það á að varðveita Bæjarstaðarskóg sem frumskóg, á hvorki né má fjarlægja slíka stofna.

Segi þeir nú til, sem telja sig hafa vit á, hvort muni réttara að hreinsa skógarbotninn eða láta það, sem fellur, liggja óhreyft. Ég hallast að þeirri skoðun, að rétt væri að láta sem mest ósnert.

Svar við fyrirspurn

Árið 1911 skrifar Stefán Kristjánsson skógarvörður á Vöglum Kofod-Hansen skógræktarstjóra m.a. eftirfarandi: Til að svara þeirri spurningu, hve mikið brenni þurfi árlega til eldamennsku á litlu heimili, hefi ég vigtað eldiviðinn um tíma. Sýnir sú tilraun, að á 14 dögum hefur verið brennt í eldaveílinni til matreiðslu, þvotta og annarra eldamennsku, handa 8-9 mönnum, 596 pundum af skógburru brenni. Brennið hefur verið tekið úr bunkunum eins og það kemur fyrir smátt og stórt, fúíð og ófúíð, illt og gott hvað með öðru. Eftir því þarf 77 hestburði til ársins af skógburru brenni, og mun það ekki langt frá 100 hesthurðum af nýhöggnum viði.

Guðmundur Karl Pétursson, yfirlæknir

Þegar ákveðið var, að aðalfundur Skógræktarfélags Íslands árið 1970 skyldi haldinn á Akureyri á 40 ára afmæli þess, var það gert í samráði við þáverandi formann Skógræktarfélags Eyfirðinga Guðmund Karl Pétursson yfirlækni. Var þá og haft í huga, að síðarnefnt félag varð einnig 40 ára um svipað leyti. Eigi kom okkur annað til hugar, þegar þessi ákvörðun var tekin, en að við mundum á þessum aðalfundi njóta forustu Guðmundar Karls og leiðsögu hans. En enginn má sköpum renna. Hann andaðist 11. maí. Bar fráfall hans þannig að á 40 ára afmælisdegi Skógræktarfélags Eyfirðinga, sem hann hafði veitt forustu um rúmlega tveggja áratuga skeið.

Guðmundur Karl fæddist að Hallgilsstöðum í Hörgárdal 8. september 1901. Þrátt fyrir kröpp kjör í æsku lagði hann upp í langskólanám. Bar fundum okkar fyrst saman haustið 1922 í 4. bekk Menntaskólans í Reykjavík, er hann kom suður til náms þetta ár ásamt allmörgum norðanmönnum öðrum. Stúdentsprófi lukum við saman vorið 1925. Vorum við 39 talsins, er þá kvöddum skólann. Margir þeirra hafa þegar horfið yfir landamæri lífs og dauða og nú síðast Guðmundur Karl, en hann var sá fjórði úr hópi okkar stúdentanna frá 1925, sem á einu ári hurfu til annars heims.

Að loknu stúdentsprófi hóf Guðmundur Karl læknisfræðinám. Sóttist honum námið vel, svo sem hann hafði gáfur og kapp til. Lauk hann kandidatsprófi árið 1931. Að loknu framhaldsnámi erlendis hvarf hann heim til áthaga sinna. Varð hann læknir við sjúkrahús Akureyrar árið 1936 og síðar yfirlæknir við fjórðungssjúkrahúsið þar frá stofnun þess. Gegndi hann því starfi til dauðadags.

Eigi verða læknisstörf Guðmundar Karls rakin hér, en hann varð landskunnur fyrir þau og eru þeir ótaldir, sem eiga höndum hans, hugkvæmni og þeirri lífsorku, er frá honum streymdi, heilsu og líf að þakka.

Eftir að Guðmundur Karl fluttist til Akureyrar hóf hann brátt afskipti af skógræktarmálum héraðsins og tók sæti í stjórn Skógræktar-



Guðmundur Karl Pétursson,

félags Eyfirðinga árið 1947. Á næsta ári varð hann formaður þess og var það samfleytt til dauðadags.

Á þessum vettvangi lágu leiðir okkar aftur saman fyrir um það bil 20 árum.

Guðmundur Karl bjó yfir óvenjulegri starfsorku og sterkum vilja til þess að vinna héraði sínu og landi allt það gagn, er hann mátti. Þótt hann gegndi svo yfirgripsmiklum og merkum læknisstörfum, að flestum hefði reynst þau verkefni ein ærin viðfangsefni langan vinnudag, gat hann samt gefið sér tíma til þess að vinna að fullum krafti að skógræktarmálum héraðsins og fórnaði þeim bæði tíma og kröftum sínum. Vann hann að þeim með þeirri atorku, sem honum var eiginleg, hvar sem hann lagði hönd á plóg, en að vonum þótti slíkum kappsmanni leiðin til árangurs oft krókótt og ferðalagið einatt ganga grátlega seint. En hvar sem hann fór, var hann öðrum til fyrirmyndar um ósérhlífni og starfsgleði.

Við fráfall Guðmundar Karls hefur verið höggvið vandfyllt skarð í fylkingu íslenskra skógræktarmanna. Í starfi hvatti hann til framkvæmda og bjartsýni og á fundum okkar var

Anton Smitt

Skylt er að minnast Antons Smitts í Ársritinu fyrir þá þýðingu, sem hann og starf hans hefur haft fyrir íslenska skógrækt, enda þótt hann hafi aldrei til Íslands komið.

Anton Smitt varð 86 ára og lést hann hinn 14. janúar 1969. Hann lauk prófi í skógrækt 1909, og tveim árum síðar hóf hann störf á Vesturlandi Noregs, og þar var hans verkahringur æ síðan.

Á þeim árum var mikill áhugi meðal framsýnna manna á Vesturlandinu að nota ýmsar trjátegundir frá vesturströnd Norður-Ameríku til skóggæðslu í Noregi. Forgöngumaður þessa var Oscar Hagem, plöntufræðingur og starfsmaður við Björgvinjarsafnið, en hann er enn á lífi í hárrí elli.

Tókst mikil og góð samvinna milli Smitts og Hagem, og saman stóðu þeir að stofnun skógtílaunastöðvarinnar á Vesturlandinu árið 1915. Á árunum 1916 og 1917 tókst Anton Smitt langa ferð á hendur til Ameríku og dvaldi í marga mánuði á vesturströndinni. Þar ferðaðist hann um milli héraða og allt norður í Alaska til að kanna staðhætti, veðurfar og gróður. Að



Anton Smitt.

þeirri ferð lokinni gaf hann út skýrslu um ferðina, sem varð síðan handbók og einskona biblíja allra, sem sækjast eftir trjáfræi þaðan. Í þetta ritverk sótti ég minn fyrsta vísdom um skóga Vesturheims.

Eftir heimkomuna gekkst Anton Smitt fyrir ótal tílraunum með trjátegundir að vestan, og þeir Hagem og hann hafa unnið feikn mikið starf til að rannsaka skilyrði fyrir flutningi trjátegunda á milli staða.

Þegar ég kom frá námi í Danmörku vorið 1932 gafst mér tækifæri til að dvelja nokkra daga með Antoni Smitt og ferðast lítilsháttar um með honum. Hann leysti mig út með frægjöfum er ég fór með heim, og síðar var hann okkur innan handar með útvegum fræs um nokkur ár, en svo kom stríðið og þá brustu tengslin um skeið. Síðar hittumst við nokkrum sinnum og héldum kunningsskap fram til hins síðasta. En aðalatriðið er að við hér á Íslandi höfum fyllt fótsporur Antons Smitts við innflutning trjátegunda til Íslands og byggt mjög á starfi hans og Oscars Hagem.

Anton Smitt var afar dagfarsprúður maður, yfirlætislaus og góðviljaður. Hann vildi aldrei telja sig meðal vísindamanna en þekking hans var mjög yfirgripsmikil og þær ritgerðir, sem eru frá hans hendi, eru svo vel gerðar að snjallir vísindamenn mættu öfunda hann, sagði einn af samstarfsmönnum hans. Með iðjusemi sinni og árvekni tókst honum að skila miklu og nýtu ævistarfi, sem menn nú njóta ávaxtanna af.

Hákon Bjarnason.

hann ætíð hrókur alls fagnaðar og sjálfkjörinn aflvaki hins góða og glaða félagsanda. Og þegar hann gat ekki komið, var eins og allt yrði smærra í sniðum. Við samstarfsmenn hans á þessum vettvangi eigum því margs góðs að minnast og margt að þakka. Og víst er okkur þungt að sjá á bak og sakna samvista hans. En minningin um góðan dreng og glaðan og nýtan mann lifir og hana heiðrum við best með því að fylkja okkur þétt undir það merki bjartsýni og starfsáhuga. sem hann hóf svo hátt á loft.

Kvæntur var Guðmundur Karl ágætri konu, Ingu Karlsdóttur. er lifir mann sinn ásamt 4 dætrum þeirra. Frú Inga bjó manni sínum fagurt og friðsælt heimili og fylgdi honum í starfi hans og hugðarefnum með því bjarta og hugþekka jafnaðargeði, sem er einkenni hennar, hvar sem hún fer.

Hákon Guðmundsson.

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu

Dánargjöf bræðranna

Guðmundar M., Einars og Friðriks V. Björnssona

Í fjölda ára bjuggu þrír bræður í húsinu á Skólavörðustíg 25 í Reykjavík, þeir Guðmundur M., Einar og Friðrik V. Björnssynir, stundum kenndir við Múla í Miðfirði, þar sem foreldrar þeirra bjuggu um skeið. Allir voru þeir bræður ókvæntir en héldu heimili saman, fyrst ásamt móður sinni og systur, en síðustu 24 árin annaðist Guðrún P. Dagsdóttir bú- og ráðskonustörf fyrir þá.

Foreldrar bræðranna voru þau hjónin Björn Gunnlaugsson gullsmiður frá Syðri Kárastöðum á Vatnsnesi og Margrét Magnúsdóttir frá Holti í Ásum. Þeim hjónum varð sjö barna auðið og bjuggu þau á ýmsum stöðum í Húnavatnssýslu uns þau fluttu til Reykjavíkur 1906 ásamt börnum sínum.

Börn þeirra voru Magnús, sem lagði stund á náttúrufræði og var lengi kennari og starfsmaður Náttúrugripasafnsins í Reykjavík, Gunnlaugur, er fluttist til Ameríku, Margrét, sem bjó ógift með bræðrum sínum, þá Guðmundur



Friðrik V. Björnsson.

og Einar en næstur var Björn, bókbindari að iðn en lengi kaupmaður á Akureyri, og yngstur var Friðrik, sem var læknir í Reykjavík um fjölda ára. Björn er hinn eini systkinanna, sem enn er á lífi.

Guðmundur M. Björnsson, en svo reit hann ávallt nafn sitt, var fæddur í Haga í Þingi hinn 26. apríl 1890 en létst 15. apríl 1970. Einar fæddist á sama stað hinn 15. júlí 1891 og létst 30. desember 1961. Friðrik er fæddur í Gröf í Víðidal 12. júní 1896 en andaðist 21. janúar 1968.

Þeir Guðmundur og Einar gengu í Verslunarskólann í Reykjavík og lögðu fyrir sig verslun og kaupmennsku, en Friðrik lauk stúdentsprófi 1917 og læknaprófi 1922. Sérgrein hans var háls-, eyrna- og nefsjúkdómar. Þegar þeir Guðmundur og Einar höfðu aflað sér reynslu við verslunarstörf stofnuðu þeir Sportvöruhús Reykjavíkur og ráku það í mörg ár, fyrst á horni Ingólfsstrætis og Bankastrætis en síðar



Guðmundur M. Björnsson.



Einar Björnsson.

í myndarlegu húsnæði, sem þeir reistu við Skólavörðustíginn. Eins og nafnið benti til versluðu þeir með margskonar sportvarning, einkum stengur og veiðarfæri, svo og ljósmyndavélar og fleira, en að auki höfðu þeir mikla verslun með skrifstofuvélar. Allt, sem þeir gerðu, var vel af hendi leyst og voru þeir hverjum manni áreiðanlegri í öllum viðskiptum. Verslun þeirra var mjög farsæl, enda versluðu sumir viðskiptavinanna við þá svo tugum ára skipti.

Ég þekkti þessa bræður alla í sjón á skólaárum mínum í Reykjavík en kynntist þeim ekki fyrr en ég fór að leiðbeina þeim lítulsháttar í trjárækt við sumarhús þeirra, Munkastein á Þingvelli, en upp frá því tókust með okkur nánari kynni, einkum með Guðmundi og mér.

Trjárækt þeirra var bundin við lítinn og ófrjóan blett á austurbrún Almannagjár, en hinsvegar fylgdust þeir vel með skógræktarstarfinu um land allt. Nú má segja frá því, þótt ekki hafi mátt meðan þeir lifðu, að um nokkur ár létu þeir fé af hendi rakna til skógræktar, sem nam því að planta í einn hektara á ári. Fyrir það var gróðursett í hlíðar Haukadals undir leiðsögn Einars G. E. Sæmundsens, og er þar nú væn spilda, sem vaxin er úr grasi fyrir framlög þeirra bræðra.

Að bræðrunum látnum kom í ljós, að þeir gáfu allar eigur sínar til þess að stofna Skóg-

ræktarsjóð Húnavatnssýslu, og á stjórn Skógræktarfélags Íslands að fara með stjórn hans. Eignir þeirra bræðra voru miklar, og er von til þess, að upp geti risið myndarlegur sýsluskógur á góðum stað í Húnavatnssýslu fyrir þessa gjöf þeirra. Frá því verður skýrt nánar, þegar stjórn félagsins hefur tekið sínar ákvarðanir um þetta.

Er ég nú horfi um öxl og minnst kynna minna af þeim bræðrum verður mér efst í huga hve traustir og vandaðir þeir voru á allan hátt. Þeir bárust ekki á en fylgdust vel með samtíma sínum, sáu kosti hans og galla af dómgreind sinni. Frekar voru þeir seinteknir, en hinsvegar voru þeir vinir vina sinna svo að af bar, og ávallt leiddi gott af gerðum þeirra.

Hákon Bjarnason.

Stórvaxnir skógar á Norðurlandi

Áður er frá því sagt, hversu birkiskógar hafa eyðst á Norðurlandi. En því má bæta við, að trén eru smávaxnari nú en þau voru áður. Fyrir 100 árum voru svo hávaxin tré í Fnjóskadal, að bolur þeirra var 20 álnir upp undir greinar. Stórvaxnastur var þó Möðruvallaskógur í Eyjafirði, og eru enn til gildar stoðir og bitar úr þeim skógi í húsum á Möðruvöllum. Skógur þessi eyðilagðist á einum degi að vetri til nálægt 1607. Ísing mikil hafði lagst á trén. Skall þá á ofsarok, sem braut skóginn niður með öllu. Fnjóskadalsskógur er mjög eðlisgóður, og ef að honum væri hlynnt og plöntur þaðan teknar til gróðursetningar annars staðar, gæti hann ef til vill komið að gagni.

Úr Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Þýð. St. St.

Störf Skógræktar ríkisins 1969

Árið 1969 var meðal ár, hvort heldur tekur til veðurfars eða framkvæmda. Því svipaði mjög til ársins á undan að því er veðráttu snerti, vetur rysjóttur, vorið kom seint en svo rættist úr og vöxtur varð allsstaðar sémilegur og summsstaðar góður. Trjágróður kom vel undan vetri og engir teljandi haustskadar.

Fjárhagur var þröngur að vanda, og enda þótt nokkur hækkun yrði á fjárveitingum frá árinu á undan, þá hækkaði kaup og gengið féll, svo að allt stóð við svipað og áður. Þá varð enn veruleg lækkun á tekjum af vindlingum, hátt á fimmta hundrad þúsund krónur.

Nývirkni voru því sama og engin og gróðursetning minni en skyldi. Hinsvegar var reynt að halda öllum eignum sémilega við.

FJÁRFRAMLÖG

Fjárveiting Alþingis til skógræktar fyrir árið 1969 nam kr. 11.800.000. Var það kr. 1.656.000 herra en árið á undan. Nærri þriðjungur af þessari hækkun stafar af sérstakri fjárveitingu til lerkiskógaræktunar í Fljótssdal, og svo var framlagið til Skógræktarfélags Íslands hækkað um kr. 200.000. En tekjur af vindlingum voru kr. 460.000 lægri en árið áður.

Tekjur af merktum vindlingum urðu alls kr. 2.791.284, og var þeim skipt þannig:

| | | |
|--|-----|-----------|
| a. Lagt við höfuðstól | kr. | 181.284 |
| b. Til gróðrarstöðva skógræktarféлага | - | 510.000 |
| c. Til gróðrarstöðva Skógræktar ríkisins | - | 1.390.000 |
| d. Til frækaupa | - | 360.000 |
| e. Til gróðursetningar | - | 350.000 |

Stærstu útgjaldaliðir voru skóggæðsla kr. 4.800.000, gróðrarstöðvar kr. 2.900.000, byggingar og viðhald þeirra kr. 820.000, girðingar og viðhald þeirra kr. 1.620.000, eftirlit og leiðbeiningar kr. 500.000. Heimatekjur urðu um kr. 1.000.000. Reikningar ársins voru nær hallalausir þrátt fyrir allt.

VEÐURFAR OG VÖXTUR

Vetur frá nýári umhleyplingasamur um land allt. Snjólítið var um sunnan og vestanvert land, og fór klaki mjög djúpt í jörð. Um miðjan apríl komu nokkrir hlýr dagar, en svo kólnaði á ný og fór ekki að hlýna að marki fyrr en í lok maí. Júní var fremur hlýr, en sunnanlands voru miklar úrkomur. Fyrir norðan og austan var hinsvegar besta tíðarfar þannig að margar plöntur blómguðust hálfum mánuði fyrr en venjulega í Hallormsstaðaskógi. Júlí var bæði kaldur og vætusamur um allt land, nema norðaustanlands. Þar var sémilegt gróðrarveður þótt hiti væri rétt við meðallag. Hinsvegar var ágúst miklu hlýrri og héldust hlýindin nokkuð fram í september. Haustfrosta varð nokkuð snemma vart á ýmsum stöðum, en þau komu ekki að sök nema lítilsháttar í gróðrarstöðvunum á Vöglum og Hallormsstað hinn 11. september. Eftir það var haustið milt til októberloka, en úr því var mjög rysjótt tíð til áramóta.

Allur trjágróður kom vel undan vetri en lifnaði fremur seint. Vöxtur og þroski var í meðallagi og summsstaðar meiri en undanfarin ár. Bæði sitkagreni og stafafura uxu vel um sunnanvert landið þrátt fyrir hinar miklu úrkomur.

Laufgun og lauffall birkis er talið svo:

| | Laufgun | Lauffall |
|----------------|---------|----------|
| Reykjavík | 29/5 | 1/10 |
| Stálpastaðir | 5/6 | 27/9 |
| Hreðavatn | 5/6 | 30/9 |
| Laugabrekka | 14/6 | |
| Vaglir | 12/6 | 30/9 |
| Hallormsstaður | 10/6 | 14/10 |
| Tumastaðir | 3/6 | 6/10 |
| Þórsmörk | 3/6 | |
| Haukadalur | 14/6 | 25/9 |

Fræfall var lítið á birki en þó nokkru meira en árið áður. Safnað var fræi við Skaftafell í Örafum og í Hallormsstaðaskógi, og varð það alls um 30 kg. Mátti það ekki minna vera.

Hinsvegar báru mörg barrtrén á Hallormsstað svo mikið af könglum, að ekki hefur verið meira í annan tíma. Stóru blágrenitrén voru þakin könglum og rauðgrenitrén einnig. Þá var og mikið af könglum á sitkagreni. Broddfurur og stafafurur voru einnig með mikið af könglum og fjallaþinur bar nú köngla í fyrsta sinni svo vitað er. En þinurinn bar ekki þroskað fræ.

Af blágreninu komu 900 grömm af fræi, sem var með 23% spírun, af sitkagreninu 250 grömm með 17% spírun. Rauðgrenifræið, sem var mikið að magni, reyndist ekki hafa nema 1 % spírun. Af broddfurunni komu 2500 grömm með miklu grómagni. Stafafurufræið var lítið að vöxtum, þar sem móðurtrén eru örfá. Fræþroskinn fer eftir ýmsu, m.a. því, hve gamlir foreldrarir eru og hvernig kvæmið fellir sig að vaxtarskilyrðum staðarins. Blágrenitrén eru nú 65 ára, broddfuran álíka gömul, stafafuran 30 ára en sitkagrenið 21 árs. Rauðgrenitrén munu um 60 ára, en þau eru að líkindum af stofnum, sem gera meiri kröfur til sumarhita en fæst á Hallormsstað.

Skaðar á trjám voru hvergi tilfinnanlegir. Lús og maðkur gerir ávallt vart við sig einhversstaðar, en hvergi var um mikla ásókn af þessum sníkjudýrum að ræða.

Um mánaðamótin júlí og ágúst gekk mikið hvasviðri yfir suðvesturlandið, og brotnaði þá nokkuð af nýjum endasprotum á sitkagreni á ýmsum stöðum. Talið er að á Stálpastöðum hafi milli 7% og 10% af endasprotunum skemmst í hvasviðrinu.

Á Hallormsstað, Stálpastöðum og nokkrum öðrum stöðum hefur orðið vart við svepp á sibirsku lerki um nokkur undanfarin ár, sem ekki hefur verið veitt athygli fyrr. Nafn sveppsins er *Potebniamyces coniferanum* og ber mest á verkunum hans á greinaendum og stundum í toppi. Visna þá greinar síðustu tveggja eða þriggja ára og deyja. Oftast eru það ekki nema fáeinar greinar á hverju tré, sem deyja, og gerir þá sveppurinn lítinn skaða. Það er varla nema í þeim tilvikum, að hans verði vart efst í krónunni, sem hann veldur teljandi tjóni. Sveppurinn virðist breiðast út í hráslagalegu tíðarfari, og leggst meir á sum kvæmi en önnur.

Enn hefur tjón hlotist af eldi fyrir gálauslega meðferð og umgengni manna. Í Heiðmörk brann allt að hálfur annar hektari lands ásamt ljóm-

andi fallettum furutrjám og nokkru af greni. Trén voru um 15 ára og um mannhæð. Þetta var töluverður skaði og ekki hafðist upp á sökudólgum. Þá kveiktu unglingar í birki í skógargirðingu við Selfoss og hlaut af því talsvert tjón. Þá kveiktu unglingar einnig í sinu í skógargirðingunni við Reykjahjáleigu í Hveragerði, en eldurinn varð slökktur áður en hann komst í trjágróðurinn.

FRÍÐUN OG GIRÐINGAR

M eð bréfi dómsmúlaráðuneytisins dags. 21/8 '68 var Skógrækt ríkisins falin umsjón með Stóru Drageyri í Skorradal, en sú jörð hefur verið í eyði um nokkur ár. Fallegt kjarrlendi er í suðurhluta landsins, en það er lítið ummáls. Líkur eru miklar fyrir því, að birki komi víða upp í landinu ef það fær frið. Því var hafinn undirbúningur að girðingu á sl. sumri og voru settir öflugir hornstaurar og hurðarstaurar eftir endilöngu landinu og svo hátt í fjallshlíðinni, sem fært var talið. Fljótlega verður vikið að því að ljúka við girðinguna.

Þá var og lokið við girðingu um 50 ha lands, Selsskóg, sem Skógrækt ríkisins keypti úr landi Indriðastaða í Skorradal fyrir nokkrum árum. Þar er gott land undir gróðursetningu, og var lítilsháttar byrjað á því, að planta í landið á síðastliðnu vori

Þetta voru einu nývirkin á árinu að því er girðingar snertir. Að vísu voru sumar lagfæringar á eldri girðingum svo miklar að til nýs má telja. Endurbætur á girðingum voru töluverðar og mjög kostnaðarsamar.

Til tíðinda má telja, að ráðinn var varðmaður til að líta eftir Þórsmörk frá júnílokum til rétta. Með þessu tókst að halda Mörkinni og Goðalandi nærri fjárlausu, og enn fremur var þetta til mikilla þæginda fyrir ferðamenn. Þá voru heldur eigi leyfðar neinar samkomur í Mörkinni um verslunarmannahelgina, og varð grasinu í Húsadal gott af að losna við fótsparkið.

Aftur á móti var mikið fjárrennsli um Þjórsárdal og ómögulegt að ráða við það. Sakir virkjunarinnar voru sífelldar mannaferðir um dalinn, nógu margar til þess, að hliðin inn að afréttinum voru oft skilin eftir opin um lengri eða skemmri tíma. Framvegis verður að hafa

vörð í Þjórsárdal yfir sumarið, ef þar á að vera nokkur mynd á gæslu.

SKÓGARHÖGG

Viðarmagníð, sem fellt var, var svipað og árið áður, en nú var aðalhöggið á Hallormsstað, 200 tonn, en ekki nema 20.8 tonn á Vöglum. Viðurinn var notaður á þennan hátt:

| | |
|--------------------|----------|
| Efniviður | 2.5 tonn |
| Eldiviður o.fl. | 189.3 - |
| Staurar 5.094 stk. | 26.0 - |
| Renglur 1.158 stk. | 3.0 - |

Nokkuð af viðnum er enn óselt, einkum eldiviður. Töluverð eftirspurn er eftir staurum og má búast við að hún vaxi þegar reynsla fæst á hinum fúavörðum.

Frá Hallormsstað voru seld 300 jólatré, frá Stálpastöðum 130 og úr Haukadal og Þjórsárdal 50 stykki, eða alls um 480 tré. Að auki var lítilsháttar selt af greinum til skreytinga.

GRÓÐRARSTÖÐVAR

Stöðvarnar voru reknar á sama hátt og undanfarið. Engu nýju var bætt við en unnið að lagfæringu og endurbótum á ýmsu. Verkfærakostur, einkum vélar, ganga allmjög úr sér, og þurfa mikilla endurbóta ár hvert. Nokkur samdráttur hefur orðið á uppeldi plantna undanfarin ár, bæði sakir of mikils sparnaðar í stöðvunum, en einnig sakir vanhalda á nokkrum tegundum. Úr þessu virðist nú vera að rakna, og má sjá það á samanburði eftirfarandi yfirlits um sáningar, dreifsetningu og afhendingu trjáplantna við skýrslur fyrri ára. Að öðru leyti sýna töflur 1-3 hversu uppeldinu var háttáð. (Að vanda eru stöðvarnar í Fossvogi og við Akureyri teknar með í yfirlitinu svo að sjá megi allt trjáplöntuuppeldið á einum stað).

GRÓÐURSETNING

Alls voru rösklega 300.000 trjáplöntur gróðursettar á vegum Skógræktar ríkisins á þessu ári, og er það aðeins meira en árið áður. Sannast sagna er þetta alltof lítil gróðursetning og hún verður tiltölulega miklu dýrari fyrir þá sök, hve fáar plöntur fara á ýmsa staði. En á meðan fjárhagur er þröngur, uppeldi plantna ekki nema

um 1 milljón og skiptingin á milli tegunda ekki nógu góð, auk þess sem skógræktarfélög og einstaklingar þurfa á sínu að halda, er varla von á að plöntunin geti orðið mikið meiri en þetta.

Grisjun frá ungvíði og hirðing þess eykst með hverju árinu, og var víða lagt mikið starf í þetta. Þá hefur ungvíði verið gefinn áburðarskammtur, einkum rauðgreni til að koma því yfir vaxtarstöðvunina, sem er algeng á ófrjóu landi.

Þá má og geta þess, að á nokkrum stöðum var lúpínu plantað og sáð í örfoka mela. Einkum var unnið að því á melunum utan við Vaglaskóg, sem hafa legið naktir og berir frá því að landið blés upp eftir hið gengdarlausu skógarhögg prestsins á Hálsi eftir miðja 18. öld. Nú virðist sem unnt verði að gera þá sumargræna og frjóa á ný með litlum tilkostnaði.

Á Hálsmelum var líka sáð grasfræi frá Landgræðslunni í 2 ha lands og borið á samkvæmt forskrift hennar. Kostnaður við það varð kr. 4.000 á ha lands. Ef kostur verður á birkifræi innan tíðar verður því sáð í grasrótina þegar áburðarverkunin fer að dvína. Slíkt hefur áður gefið góða raun á melunum.

Tafla 4 sýnir hvernig gróðursetningu var hagað á árinu.

BYGGINGAR

Lokið var að mestu smíði viðbótarhússins í Hvammi í Skorradal og gamla húsið lagfært lítilsháttar um leið, svo að nú er þar orðinn þokkalegur dvalarstaður fyrir skógarvörð og fámennit starfslíð sumarlangt. En þar sem starfsemin í Skorradal vex nú hröðum skrefum má búast við að enn verði að auka húsakostinn á næsta eða næstu árum.

Þá var meira gert við allan húsakost Skógræktar ríkisins á þessu ári en um langt skeið, og því mætti vænta að nokkurt hlé yrði á stórvíðgerðum.

Á Laugabrekku varð að berja upp og bæta pússningu á íbúðarhúsi, sem farin var að skálda af sakir lélegs steypuefnis.

Á Vöglum var gamli bærinn lagfærður og eins var gert við verkfærageymslu. Á Þórðarstöðum var sett ný raflögn í íbúðarhús. Húsið í Ásbyrgi fékk gagngerða endurbót fyrir ærið fé.

Á Hallormsstað fengu flest húsin nokkra lagfæringu og flettisög var komið fyrir í gamalli rafstöðvarbyggingu.

TAFLA 1.

Sáningar árið 1969.

| Tegund | Hallormsst. | | Vagfir | | Tumastaðir | | Laugabrekka | | Skógr.rík. | | Fossvogur | | Samtals | | |
|------------------------|-------------|----------------|--------|----------------|------------|----------------|-------------|----------------|------------|----------------|-----------|----------------|---------|----------------|-------|
| | kg | m ² | kg | m ² | kg | m ² | kg | m ² | kg | m ² | kg | m ² | kg | m ² | |
| Birki | 12.00 | 186.0 | 1.40 | 117.0 | 6.50 | 194.0 | 0.60 | 45.0 | 20.50 | 542.0 | 23.00 | 335.0 | 43.50 | 877.0 | |
| Blágreini | 0.52 | 30.0 | 0.86 | 48.0 | | | | | | 1.38 | 78.0 | | | 1.38 | 78.0 |
| Brodd og blágreini ... | 0.07 | 5.3 | 0.07 | 6.0 | 0.05 | 3.0 | | | | 0.19 | 14.3 | 0.07 | 5.0 | 0.26 | 19.3 |
| Rauðgreini | 0.76 | 31.5 | 1.47 | 69.0 | 0.77 | 36.0 | | | | 3.00 | 136.5 | 0.40 | 30.0 | 3.40 | 166.5 |
| Sitkabastarður | 0.30 | 9.0 | | | | | | | | 0.30 | 9.0 | | | 0.30 | 9.0 |
| Sitkagreini | 0.44 | 24.0 | | | 2.62 | 108.0 | | | | 3.06 | 132.0 | 3.18 | 155.0 | 6.24 | 287.0 |
| P. schrenkiana | 0.05 | 3.0 | | | | | | | | 0.05 | 3.0 | | | 0.05 | 3.0 |
| Svartgreini | | | 0.02 | 3.0 | 0.02 | 3.0 | | | | 0.04 | 6.0 | 0.02 | 2.0 | 0.06 | 8.0 |
| Bergfura | | | 2.50 | 72.0 | 1.00 | 72.0 | | | | 3.50 | 144.0 | 3.00 | 170.0 | 6.50 | 314.0 |
| Broddfura | 0.10 | 1.5 | 0.04 | 0.5 | 0.09 | 3.0 | | | | 0.23 | 5.0 | 0.07 | 2.0 | 0.30 | 7.0 |
| Dvergfura | 0.25 | 1.5 | | | | | | | | 0.25 | 1.5 | | | 0.25 | 1.5 |
| Lindifura | 7.50 | 30.0 | | | | | | | | 7.50 | 30.0 | | | 7.50 | 30.0 |
| Stafafura | 0.32 | 30.0 | 0.72 | 76.0 | 0.85 | 60.0 | | | | 1.89 | 166.0 | 2.28 | 149.0 | 4.17 | 315.0 |
| Sveigfura | 1.00 | 2.0 | | | 0.60 | 1.0 | | | | 1.60 | 3.0 | | | 1.60 | 3.0 |
| Síberíulerki | 4.90 | 153.8 | 0.74 | 24.0 | 0.60 | 22.0 | | | | 6.24 | 199.8 | 0.30 | 10.0 | 6.54 | 209.8 |
| Fjallapínur | 2.00 | 30.0 | | | | | | | | 2.00 | 30.0 | | | 2.00 | 30.0 |
| Hvítþínur | 0.60 | 3.0 | | | | | | | | 0.60 | 3.0 | | | 0.60 | 3.0 |
| A. homolepis | 0.20 | 1.5 | | | | | | | | 0.20 | 1.5 | | | 0.20 | 1.5 |
| A. magnifica | 0.11 | 1.5 | | | | | | | | 0.11 | 1.5 | | | 0.11 | 1.5 |
| Samtals | 31.12 | 543.6 | 7.82 | 415.5 | 13.10 | 502.0 | 0.60 | 45.0 | 52.64 | 1506.1 | 32.32 | 858.0 | 84.96 | 2364.1 | |

TAFLA 2.

Dreifsetning plantna árið 1969.

| Tegund | Hall-ormsst. | Vagfir | Tuma- staðir | Norð- tunga | Lauga- brekka | Skógr. ríkisins | Foss- vogur | Akur- eyri | Skógr- félög | Samtals |
|-------------------------|--------------|---------|--------------|-------------|---------------|-----------------|-------------|------------|--------------|-----------|
| Skógarplöntur: | | | | | | | | | | |
| Birki | 25.300 | 25.200 | 9.600 | 12.000 | 40.900 | 113.000 | 39.000 | 17.200 | 56.200 | 169.200 |
| Brodd- og blágreini ... | 4.000 | 8.000 | | | | 12.000 | | 1.800 | 1.800 | 13.800 |
| Hvítgreini | 500 | 6.400 | | | | 6.900 | | | | 6.900 |
| Rauðgreini | 45.800 | 49.600 | 74.000 | 22.000 | | 191.400 | 102.000 | | 102.000 | 293.400 |
| Sitkagreini | 17.700 | | 66.400 | 7.000 | | 91.100 | 64.000 | | 64.000 | 155.100 |
| Sitkabastarður | 4.800 | | | | | 4.800 | | | | 4.800 |
| Bergfura | 800 | 15.800 | 27.200 | 9.000 | | 52.800 | 34.200 | 3.700 | 37.900 | 90.700 |
| Broddfura | 3.100 | | | | | 3.100 | | | | 3.100 |
| Gulfura | 2.100 | | | | | 2.100 | | | | 2.100 |
| Lindifura | 4.300 | | | | | 4.300 | | 2.000 | 2.000 | 6.300 |
| Stafafura | | 50.200 | 67.400 | 15.000 | 18.700 | 151.300 | 18.000 | 8.000 | 26.000 | 177.300 |
| Síberíulerki | 85.100 | | | | 13.800 | 98.900 | | 6.200 | 6.200 | 105.100 |
| Alls | 193.500 | 155.200 | 244.600 | 65.000 | 73.400 | 731.700 | 257.200 | 38.900 | 296.100 | 1.027.800 |
| Garðplöntur: | | | | | | | | | | |
| Alaskaðsp | 300 | | 500 | 1.100 | | 1.900 | 5.500 | 2.000 | | 7.400 |
| Víðir | 6.500 | | | 8.600 | 1.000 | 16.100 | 46.600 | 4.000 | | 62.700 |
| Ýmsar garðplöntur ... | 7.500 | | 6.000 | 1.300 | | 14.800 | 22.700 | 4.000 | | 37.500 |
| Alls | 14.300 | 0 | 6.500 | 11.000 | 1.000 | 32.800 | 74.800 | 10.000 | 0 | 107.600 |

TAFLA 3.

Afhentar plöntur árið 1969.

| Tegund | Hall- | | Tuma- | Norð- | Lauga- | Skógr. | Foss- | Akur- | Skógr.- | Samtals |
|----------------------|---------|---------|---------|--------|--------|----------|---------|--------|---------|---------|
| | ormsst. | Vagfir | staðir | tunga | brekka | ríkisins | vogur | eyri | félög | |
| Skógarplöntur: | | | | | | | | | | |
| Birki ódrs. | 39.500 | 15.800 | 13.600 | | | 68.900 | 19.200 | 9.000 | 28.200 | 97.100 |
| Birki drs. | 7.400 | 11.700 | | | 800 | 19.900 | 26.400 | | 26.400 | 46.300 |
| Broddgreni | | | | | | | 5.500 | | 5.500 | 5.500 |
| Hvítgreni | | 5.000 | | | | 5.000 | | | | 5.000 |
| Douglasgreni | 3.900 | | 2.000 | | | 5.900 | | | | 5.900 |
| Rauðgreni | 40.800 | 66.700 | 69.500 | 15.500 | 2.000 | 194.500 | 50.500 | | 50.500 | 245.000 |
| Sitkagreni | 9.300 | 1.800 | | | | 11.100 | 60.500 | | 60.500 | 71.600 |
| Sitkabastarður | 7.100 | | | | | 7.100 | | | | 7.100 |
| Bergfura ódrs. | | | 1.100 | | | 1.100 | 16.100 | | 16.100 | 17.200 |
| Bergfura drs. | 3.200 | | 11.700 | | 4.100 | 18.500 | 37.000 | 700 | 37.700 | 56.200 |
| Lindifura | 500 | | | | | 500 | | | | 500 |
| Stafafura ódrs. | | | 47.100 | | | 47.100 | 18.200 | | 18.200 | 65.300 |
| Stafafura drs. | 300 | 36.400 | | | | 36.700 | 10.100 | 1.200 | 11.300 | 48.000 |
| Rússalerki | 500 | 3.700 | | | | 4.200 | 5.500 | 4.500 | 10.000 | 14.200 |
| Síberíulerki | 65.600 | | | | 19.200 | 84.800 | | 3.000 | 3.000 | 87.800 |
| Alls | 178.100 | 139.300 | 146.300 | 15.500 | 26.100 | 505.300 | 249.000 | 18.400 | 267.400 | 772.700 |
| Garðplöntur: | | | | | | | | | | |
| Ýmsar tegundir | 4.900 | | 13.200 | | 600 | 18.700 | 48.800 | 2.600 | 51.400 | 70.100 |

Á Tumastöðum var lokið við endurbyggingu verkstæðis, en það var upphaflega byggt úr holsteini frá Eyrarbakka og grötnaði niður á einum áratug. Þar fór líka fram allmikil viðgerð á íbúðarhúsi.

SKJÓLBELTI

Einar G. E. Sæmundsen hafði allan veg og vanda af skjólbeltaplöntun og hirðingu skjólbelta. Með fráfalli hans stöðvuðust í bili allar framkvæmdir, en skógarvörðunum var falið að líta eftir og hirða skjólbeltin í umdæmum sínum. Nú hefur rannsóknarstöðinni á Mógilsá verið falið að hafa alla umsjón með þeim og undirbúning nýrra skjólbelta.

ÝMISLEGT

Merkasti atburður ársins í skógræktarmálum var sá, að sérstök fjárveiting fékkst til að koma upp lerkiskógum í Fljótsdal í Suður-Múlasýslu, og skyldu bændur þar styrktir samkvæmt sérstökum reglum. Hafin var undirbúningsvinna að fyrstu girðingunni á Víðivöllum fremri og keypt efni svo að unnt væri að planta vorið

1970. Þeir Baldur Þorsteinsson, Einar G. E. Sæmundsen og Sigurður Blöndal höfðu undirbúið þetta mál og gengið frá fyrirkomulagi þess. Eftir að Einar féll frá hefur Hákon Guðmundsson, formaður Skógræktarfélag Íslands, komið í hans stað.

Prófessor Finn Roll-Hansen og frú Helga kona hans komu hingað til lands síðari hluta júlí og ferðuðust um landið með Hauki Ragnarssyni. Þau eru plöntusjúkdómafræðingar og starfa við háskólann í Ási í Noregi. Fyrir þeirra var að nokkru kostuð af vöxtunum af þjóðargjöf Norðmanna. Voru þau beðin að koma hingað til að ganga úr skugga um, hvaða sveppir helst lifðu á trjám og yllu tjóni.

Prófessor V. G. Nésterov frá Moskvu kom hingað til lands í annað sinn og fór austur á Hallormsstað. Próf. Nésterov hefur verið Íslendingum hjálplegur með útvegum lerkifræs frá Rússlandi á undanförunum árum og verður eflaust enn.

Þá kom hingað skógræktarmaður frá Mexico á sl. hausti. Avellino Villa Salas. Erindi hans var að sjá, hvernig ýmsar trjátegunir yxu hér við erfið skilyrði, en ætlun Mexicobúa er að hefja mikla skógrækt eins hátt til fjalla og kostur er.

TAFLA 4.

Gróðursetningar Skógræktar ríkisins árið 1969.

| Staður | Birki | Hvít- greni | Rauð- greni | Sitka- | | | Stafa- fura | Lindi- fura | Douglas- greni | Lerki | Samtals |
|---------------------|--------|----------------|----------------|-----------------|----------------|---------------|----------------|----------------|-------------------|--------|---------|
| | | | | Sitka- greni | bast- arður | Berg- fura | | | | | |
| Mógilsá | 21.000 | | | | | | | | | | 21.000 |
| Stálpastaðir | | | 4.070 | | | | | 1.850 | | | 5.920 |
| Hvammur. Sk. ... | 2.130 | | 24.800 | | | | 37.200 | | | | 64.130 |
| Selskógur | | | 1.000 | | | | | | | | 1.000 |
| Háafell | | | | | | | | 150 | | | 150 |
| Stóri-Botn | | | | | | | 2.800 | | | | 2.800 |
| Norðtungu | | | 26.000 | 1.000 | | | | | | | 27.000 |
| Ytrafell | | | | 3.000 | | | | | | | 3.000 |
| Hreimsstaðir | | | | 3.000 | | | | | | | 3.000 |
| Reykholt | 3.500 | | 500 | | | | | | | | 4.000 |
| Laugaból | | | 10.000 | | | | | | | | 10.000 |
| Langibotn | | | 8.000 | | | | | | | | 8.000 |
| Barkarstaðir | 3.000 | | | | | | | | | | 3.000 |
| Bakki | | | | | | 500 | | | | 500 | 1.000 |
| Sauðanes | 2.000 | | | | | | | | 1.500 | | 3.500 |
| Haukagil | | | 1.000 | | | | | | | | 1.000 |
| Reykjahóll | 2.500 | | | | | | 1.000 | | | | 3.500 |
| Reynisstaður | 2.000 | | | | | | | | | | 2.000 |
| Úlfsstaðir | 2.000 | | | | | | | | | | 2.000 |
| Vaglaskógur | | | 550 | | | | 5.750 | | | | 6.300 |
| Sigríðast.skg. | | 1.740 | 1.600 | | | | 6.270 | | | | 9.610 |
| Fellsskógur | | | 5.000 | | | | | | | | 5.000 |
| Ásbyrgi | | | 2.500 | | | | | | | | 2.500 |
| Hallormsstaður ... | | | 12.900 | | 2.900 | 2.000 | 300 | 450 | 3.800 | 43.800 | 66.150 |
| Skarfanés | | | 25.700 | | | | | | | | 25.700 |
| Þjórsárdalur | | | 15.750 | | | 750 | | | | | 16.500 |
| Gjábakkahallið ... | | | 3.000 | | | | | | | | 3.000 |
| Straumur | | | | | | 3.400 | | | | | 3.400 |
| Samtals | 38.130 | 1.740 | 142.370 | 7.000 | 2.900 | 6.650 | 53.320 | 450 | 5.800 | 45.800 | 303.160 |

Hvort Salas hefur haft erindi sem erfiði með komu sinni hingað verður tíminn einn að skera úr.

Skógræktarstjóra var boðið að koma á aðalfund Salten Skogselskap, sem hefur aðsetur í Bodö í Noregi. Fundurinn stóð 23. og 24. ágúst og endaði með ferð til Beiarn, þar sem félagið eignaðist mikið skóglendi fyrir hálfri öld. Þar hafa verið gerðar tilraunir með fjölda trjátegunda með ýmsum árangri og var fróðlegt að skoða þær. Í Beiarn er nyrsti vaxtarstaður álms í heimi, og þaðan höfum við fengið fræ öðru hvoru. En allur sá álmur, sem vex í gördum í Reykjavík og annarsstaðar, og plantað hefur verið eftir 1937, er fenginn frá þessum stað. Þetta kvæmi hefur reynst ágætlega hér á landi, og má nota álminn hvort heldur er til limgerðis eða sem skrauttré. Hæsti álmur í Reykjavík frá þessum tíma er orðinn 11 m á hæð og um

25 cm í þvermál. Af því má sjá, að álmurinn frá Beiarn er mjög eftirsóknarverður fyrir okkur. En vandkvæði hafa verið á að fá safnað fræi á svo afskekktum stað, sem þessi hefur verið. Og svo er ekki fræfall að neinu marki nema með nokkurra ára bili. Eftir ferðina til Beiarn eru þó meiri vonir en áður um að fá fræ þaðan.

Skógrækt ríkisins fékk dánargjöf á þessu ári. Oddný Helga Bjarnadóttir, sem lengi bjó á Njálsgötu 30 í Reykjavík, arfleiddi Skógrækt ríkisins að helmingi eigna sinna, sem var aðallega húsið á Njálsgötunni. Ekki hefur enn verið tekin nein ákvörðun um, hvernig eign þessari eða andvirði hennar skuli varið. Frá því verður skýrt síðar.

Eins og vant er fóru starfsmenn Skógræktar ríkisins víða um til að leiðbeina félögum og einstaklingum, og þetta ár var óvenju mikið um fræðslufundi, bæði í skólum og á vegum félaga.

Störf skógræktarfélaganna 1969

Hér verður skýrt frá störfum skógræktarfélaganna á árinu 1969, ásamt ýmsum þeim málum, sem sett hafa svip á félagsstarfið.

GIRÐINGAR

Helstu girðingaframkvæmdir voru þessar: Skógræktarf. Árnesinga setti upp 3 km girðingu á Snæfoksstöðum í Grímsnesi, og var það síðasti áfangi í girðingaframkvæmdum þar að sinni, en byrjað var að girða syðri hluta Snæfoksstaðalands árið 1968. Að vísu hafði félagið girt hluta af þessu landi áður, en með þessari nýju girðingu er nú allt Snæfoksstaðaland sunnan þjóðveggar alfríðað. Hér eru um talsverð nývirki að ræða, en alls er Snæfoksstaðagirðingin um 9 km að lengd og land innan hennar um 550 ha. Nokkur dráttur varð á að koma girðingunni upp, bæði sakir þess að hér er um kostnaðarsama framkvæmd að ræða og að deilur um landamerki töfðu framkvæmdir.

Skógræktarfélag A.-Húnavatnssýslu girti hluta af Gunnfríðarstaðarlandi um 21 ha, en áður hafði félagið sett þar upp girðingu um 16 ha. Nýja girðingin er um 5 km að lengd. Ekki er fullgengið frá þessari girðingu, en lokið verður við hana á árinu 1970.

Af skýrslum félaganna kemur fram að aðrar nýjar girðingar hafa ekki verið settar upp á árinu, en gagngerðar endurbætur voru gerðar á nokkrum eldri girðingum, s.s. Vaðlaskógargirðingu í Eyjafirði, en þriðjungur hennar var endurnýjaður. Veitti Landgræðslusjóður 125.000 krónur til þessa. Þá var endurnýjuð vesturhlíð girðingarinnar um Kjarnaskóg við Akureyri, en sá hluti var orðinn mjög lélegur. Í Eyjafirði var einnig gert vel við girðingarnar á Dvergasteini og Steindyrum.

Sett var upp girðing á vegum K.F.U.K. í Vindáshlíð í Kjós, en þar var fyrir gömul girðing frá árunum 1946-1947, sem var algjörlega úr sér gengin. Var hún upphaflega girt af sama félagi. Lítið sem ekkert var búið að gróðursetja í Vindáshlíðarlandið, en mikill hluti þess

er kjarri vaxinn. Á undanfönum árum hefur verið mikil ásókn á landið, bæði sakir þess að girðingunni var lítið haldið við og fé hefur fjölgað á þessum slóðum. Nýja girðingin um Vindáshlíðarland er um 3 km löng og um 35 ha. að stærð. Á síðastliðnu ári gerðist K.F.U.K. aðili að skógræktardeild Kjósarhrepps og er í ráði að gróðursetja árlega í landið. Vonandi verður þetta samstarf til þess að betur gangi en áður að koma upp skógi í Vindáshlíð.

Til nýrra girðinga var varið á árinu alls kr. 393.000 í efni og vinnu, en til viðhalds girðinga kr. 270.000. Við þetta bætist vinna sjálfboðaliða sem tilsvavar 147 dagsverkum. en þetta er nokkuð meiri gjafavinna en 1968.

GRÓÐURSETNING

Á árinu 1969 gróðursettu félögin alls 443.000 trjáplöntur eða tæpum 40 þús. plöntum fleiri en árið áður. Veturinn 1967-68 var yfirleitt snjóléttur og kaldur, einkum síðari hluti vetrar og náði því frost víðast hvar djúpt í jörðu. Þetta ásamt köldu vori tafði fyrir gróðursetningu, en annars var vorið hagstætt hvað gróðursetningu snertir og urðu því afföll á plöntum með minnsta móti.

Því miður bar nokkuð á skorti á sumum trjátegundum, t.d. á birki, stafafuru og lerki, en eftirspurn eftir þessum tegundum hefur aukist allverulega að undanfönu. Það verður að segja það eins og er, að útlitið er ekki sem best í þessum efnum.

Gera má ráð fyrir, að lítið verði til af birki á næsta ári og sama gildir um sumar aðrar tegundir, s.s. sitkagreni, stafafuru, blágreni og lerki. Að vísu hefur uppeldi á lerki farið vaxandi, en mikill hluti þess mun verða notaður í sambandi við Fljótsdalsáætlanina. Eflaust liggja fleiri orsakir til þessa hörguls á plöntum, en mestu munar hér hið slæma árferði að undanfönu, sem höggvið hefur skörð í plöntuuppeldið.

Útgjöld skógræktarfélaganna til gróðursetn-

Gróðursetning skógræktarfélaganna 1969.

| Skógræktarfélag | Birki | Stafa-fura | Berg-fura | Rauð-greni | Sitka-greni | Sitka-bast. | Brodd-greni | Hvít-greni | Lerki | Aðrar teg. | Alls |
|-------------------------|-------|------------|-----------|------------|-------------|-------------|-------------|------------|-------|------------|--------|
| Austurlands | 1975 | | | | 450 | 4215 | | | 4180 | | 10820 |
| Árnesinga | 3050 | | 1600 | 38050 | 1050 | | | | | | 43750 |
| A.-Húnvetninga | 2615 | 350 | 1060 | | 969 | | | | 3006 | | 8000 |
| A.-Skaffellinga | | 750 | | 2000 | 1900 | | | | | | 4650 |
| Bolungarvíkur | | | | | | | | | | 2000 | 2000 |
| Borgarfjarðar | 6200 | 8600 | 7300 | 18850 | 5950 | | | | | 300 | 47200 |
| Björk | | 1000 | 1000 | 1000 | 1000 | | | | | | 4000 |
| Dalásýslu | 2000 | 1500 | 1000 | | 3500 | | | | | | 8000 |
| Eyfirðinga | 8790 | 1200 | 710 | | | | | 500 | 7500 | 1885 | 20585 |
| Hafnarfjarðar | 3810 | 2000 | 4250 | 250 | 2000 | | | | 500 | | 12810 |
| Heiðsynninga | 2000 | 2000 | 2000 | | 2000 | | | | | | 8000 |
| Ísafjarðar | 240 | 1600 | 2400 | 2750 | 1625 | | | | | | 8615 |
| Kjósarsýslu | 400 | 500 | 1050 | 800 | 1200 | | | | | 560 | 4510 |
| Mýrdælinga | | | 1000 | | 1000 | | | | | 300 | 2300 |
| N.-Þingeyinga | | 1000 | | | | | | | | | 1000 |
| Rangæinga | 6800 | | 7200 | | | | | | | | 14000 |
| Reykjavíkur | 23600 | 9825 | 25100 | 33165 | 28268 | | 5500 | | 2000 | 2805 | 130263 |
| Siglufjarðar | | | | | 3000 | | | | | | 3000 |
| Skagfirðinga | 2800 | | 3600 | 2000 | | | | | 17275 | | 25675 |
| Stykkishólms | 2000 | 2000 | 2000 | 1000 | 4000 | | | | | | 11000 |
| Strandasýslu | 2000 | | | | 1000 | | | | | | 3000 |
| Suðurnesja | 950 | 200 | 350 | | 1600 | | | | | | 3100 |
| Súgfirðing a | | | | | | | | | | 2025 | 2025 |
| S.-Þingeyinga | 3533 | 13570 | 715 | 19715 | 300 | | | 2365 | 12855 | | 53053 |
| V.-Barðstrendinga | 1000 | 1750 | 1460 | | 2790 | | | | | | 7000 |
| V.-Ísfirðinga | 2000 | 1000 | 1000 | | 1000 | | | | | | 5000 |
| Alls | 75763 | 48845 | 64795 | 119580 | 64602 | 4215 | 5500 | 2865 | 47316 | 9875 | 443356 |

ingar voru sem hér segir: Til plöntukaupa var varið kr. 634.000. Gróðursetningarvinna var kr. 491.000 og annar kostnaður í sambandi við gróðursetningu kr. 27.000. Við gróðursetningu voru alls unnin 1500 dagsverk, en þar af lögðu sjálfboðaliðar fram 617 dagsverk, sem er þó nokkru meiri dagsverkafjöldi en áður. Í sambandi við gróðursetningu trjáplantna á vegum félaganna skal getið um framlag vinnuskólanna, en þeir hafa lagt verulega vinnu af mörkum bæði við plöntun og umhirðu plantna, og skal ég víkja nánar að því síðar.

ÖNNUR STÖRF

Á árinu 1969 vörðu félögin um 180.000 kr. til grisjunar, og sjálfboðaliðar unnu 320 dagsverk við grisjun. Grisjunin er eitt af þeim störfum, sem mest eru aðkallandi hjá mörgum félaganna. Bæði þarf að grisja fyrir gróðursetningu, þar

sem plantað er í kjarrlendi, og víða er nú svo komið að grisja þarf frá plöntum. Því miður eru allt of mikil brögð að því, að þessi störf eru látin sitja á hakanum, svo að sumstaðar er í óefni komið. Á undanförmum árum hefur Landgræðslusjóður styrkt sum félögin til endurbóta á girðingum og hafa vinnuflokkar annast þau störf. Ég tel ekki síður ástæðu til þess, að verja slíku styrktarfé til grisjunar og umhirðu plantna og láta knýjandi þarfir á hverjum stað ráða, til hvaða starfa styrktarfé skal varið. Þetta hefur reyndar verið gert, því á árinu var Skógræktarfélagi S.-Þingeyinga veittur styrkur til grisjunar í Fossselsskógi.

Kostnaður við umhirðu plantna varð kr. 197.000 og sjálfboðaliðar lögðu auk þess fram 320 dagsverk. Annar kostnaður við skóglendi nam kr. 116.000 en hér er um vegagerð, eftirlit o.fl. að ræða.

*Gróðursetning
á einstökum svæðum 1969.*

| Skógræktarfélag | Staður | Fjöldi plantna | |
|-----------------|--------------------|---------------------|--------|
| Austurlands | Eyjólfsstaðir | 4.215 | |
| Árnesinga | Snæfoksstaðir | 38.650 | |
| Borgarfjarðar | Hamarsgirðing | 8.500 | |
| - | - | Snagagirðing | 12.000 |
| - | - | Svignaskarðsgirðing | 13.650 |
| Björk | Barmahlíð | 4.000 | |
| Dalасыslu | Laugar | 4.500 | |
| Eyfirðinga | Kjarnaskógur | 7.000 | |
| Hafnarfjarðar | Gráhelluhraun | 3.600 | |
| - | - | Hvaleyrarvatn | 4.580 |
| - | - | Undirhlíðar I og II | 4.380 |
| Heiðsynninga | Bjarnarfossgirðing | 8.000 | |
| Ísafjarðar | Tunguskógur | 7.775 | |
| Rangæinga | Hamragarðar | 14.000 | |
| Reykjavíkur | Heiðmörk | 120.683 | |
| - | - | Öskjuhlíð | 3.580 |
| Skagfirðinga | Brekka í Seyluh. | 8.000 | |
| - | - | Hólar | 5.000 |
| Stykkishólms | Sauraskógur | 7.500 | |
| S.-Þingeyinga | Fossselsskógur | 29.030 | |
| - | - | Gvendarstaðir | 3.900 |
| Alls | | 311.543 | |

LEIÐBEININGAR OG FRÆÐSLA

Leiðbeiningum og kynningu á skógrækt, á vegum félaganna, var hagað á svipaðan hátt og áður. Heimsótt voru 13 félög á árinu og margar félagadeildir innan þeirra. Þá voru margir fræðslufundir haldnir bæði hjá félögum og einnig í skólum. Og ekki má gleyma þætti skógarvarða í þessu, auk annarrar þeirrar fyrirgreiðslu, sem þeir veittu félögum.

Eins og kunnugt er þá hefur gengið á ýmsu varðandi störf sumra félaganna og má kenna ýmsu um.

Yfirleitt hefur ríkt deyfð í félagsmálum og hafa skógræktarfélagin ekki farið varhluta af því. Þessi deyfð endurspeglar að sjálfsögðu í störfum sumra félaganna.

Reynt hefur verið að bæta úr þessu eins og kostur er á t.d. með því að skipta um forustu í þeim félögum, sem hafa verið lítið annað en nafnið eitt. Þannig hefur tekist að hleypa að nýju lífi í tvö félög, sem um skeið höfðu lítið sem ekkert starfað. Þá vil ég geta þess, að á

árinu bættist eitt nýtt félag við í hópinn, Skógræktarfélag Kópavogs, en það var stofnað á s.l. hausti. Verksvið þess mun verða, til að byrja með í bæjarlandinu, og mun það taka að sér trjárækt þá, sem er á vegum bæjarfélagsins, s.s. gróðursetningu í skrúðgarða og við opinberar byggingar.

**AÐILD AÐ LANDGRÆÐSLU- OG
NÁTTÚRUVERNÐARSAMTÖKUM**

Eins og kunnugt er, var stofnað til Landgræðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands á s.l. hausti og á aðalfundi samtakanna í febr. sl. var gengið frá starfsáætlun fyrir þau. Starfsáætlun þessi er umfangsmikil, eins og búast mátti við og kemur hún inn á mörg þau verkefni, sem skógræktarfélagin hafa unnið að frá upphafi. Fjöldmörg félög og félagasambönd hafa gerst aðilar að samtökunum og er nú hafið landgræðslustarf á vegum þeirra.

Eins og marga rekur minni til, veitti síðasti aðalfundur stjórn Skógræktarfélags Íslands heimild til að gerast aðili að samtökunum, hvað hún gerði með bréfi s.l. haust. Á aðalfundi samtakanna mættu þrír fulltrúar frá Skógræktarfélagi Íslands.

Eins og vikið var að hér áðan, er starfsáætlun samtakanna allvíðtæk, og spurningin er þessi, á hvern hátt skógræktarfélagin muni starfa að þeim málum, sem samtökin vinna að. Það, ætti að vera eitt af verkefnum félagsstjórnar, að marka stefnu félaganna í þessum málum. Nokkurt samstarf hefur nú þegar átt sér stað. Sum félaganna hafa fengið áburð og fræ frá samtökunum, sem sáð verður og dreift í girðingar þeirra, en eins og oft hefur komið fram, hafa félögin yfir að ráða landi, sem er örfoka eða lítt gróið. Að vísu eiga línurnar í þessum efnun eftir að skýrast, þegar skriður hefur komist á störf samtakanna.

Það má ef til vill segja, að skógræktarfélagin eigi fullt í fangi með þau verkefni, sem þau vinna nú að og ennþá bíða óleyst. En ég er ekki í neinum vafa um, að félögin geta og eiga eftir að styðja landgræðslusamtökin með ráð og dáð, eftir því sem efni hrökkva til og aðstæður leyfa, enda bíða mörg verkefni úrlausnar, sem sjálfsagt er að landgræðslu- og náttúruverndarsamtökin og skógræktarfélagin vinni sameiginlega að.



*Pátttakendur í námskeiði
Skógræktarfélags Íslands á
Hallormsstað vorið 1969.
Ljós. Sig. Blöndal.*

VINNUSKÓLAR

Ég minnst hér að framan á vinnu unglinga að skógrækt. Nokkuð hefur verið á huldu um vinnu unglinga að skóggæðslu, og því var leitað til skógræktarfélaganna í fyrsta skipti um upplýsingar varðandi unglingavinnuna. En eins og kunnugt er þá hafa sum félaganna haft samráð um slíka vinnu við viðkomandi bæjar- og sveitarfélög um árabíl. Könnun þessi var gerð fyrst og fremst til þess, að komast að raun um hve umfangsmikil störfin væru og í því sambandi að fá vitneskju um fjárframlög til þeirra.

Skýrslur bárust frá 8 skógræktarfélögum og af þeim má ráða, að um 550 unglingar hafi tekið þátt í störfum að skóggæðslu á árinu 1969. Alls voru unnin um 8400 dagsverk, á tímabilinu frá miðjum júní til miðs ágústmánaðar og komu 15 dagsverk á hvern unglings á jafnaði og er þá miðað við 8 stunda vinnudag.

Eins og að líkum lætur unnu unglingsarnir við margsháttar störf, aðallega við hirðingu plantna, þ.á.m. áburðargjöf og illgresiseyðingu. Ekki er fullvíst hver þáttur þeirra var í gróðursetningu plantna, en ekki er of áætlað að þeir hafi annast plöntun á rösklega 120 þúsund plöntum, eða á fjórðungi þeirra plantna, sem gróðursettar voru á vegum félaganna. Þá unnu þeir nokkuð að vegagerð og við lagfæringar á girðingum.

Kostnaður vegna unglingsvinnunnar á árinu 1969, var í stórum dráttum þessi: Alls nam

kaupgreiðsla til unglingsanna kr. 1.778.000. Verkstjórnarkostnaður varð kr. 650.000, en verkstjórn önnuðust 25 verkstjórar. Annar kostnaður nam um kr. 769.000 og er hér um að ræða kostnað vegna áburðarkaupa, flutninga o.fl. Að sjálfsögðu bætast við plöntukaup, en þau munu hafa numið allt að 450.000 kr.

Þegar litið er á heildarkostnað vegna unglingsvinnunnar kemur í ljós, að utan Reykjavíkur, nema framlög skógræktarfélaganna tæpum þriðjungi af heildarkostnaði, en séu framlög Reykjavíkurborgar talin með þá er hlutdeild félaganna aðeins um 6% heildarkostnaðar.

Af framangreindu er auðsætt, að skóggæðslunni í landinu er mikill styrkur af starfi æskufólks að skógrækt. Hér er ekki aðeins um að ræða fjárhagslegan styrk, heldur er ekki minna um vert, að á vettvangi vinnuskólanna komast unglingsarnir í snertingu við skóggæðsluna.

Það hefur nokkuð verið um það deilt, að hve miklu gagni störf unglinga að skógrækt kæmu, bæði hvað snertir afköst og gæði. En það eru fleiri hliðar á þessu máli sem öðrum, hliðar sem annarsvegar snúa að skyldu sveitar- og bæjarfélaganna um að sjá æskufólki fyrir heppilegum störfum og hinsvegar verkefni unglingsanna, d. skóggæðslu.

Flestir eru sammála um það, að það sem mestum erfiðleikum veldur í sambandi við vinnuskólana sé skortur á góðum verkstjórum.

ÁRSRIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 1970

RÍKISSTYRKIR TIL SKÓGRÆKTARFÉLAGA 1969

Þetta vandamál og fleiri í sambandi við unglíngavinnu hefur nokkuð verið rætt, t.d. við framámenn ísl. sveitarfélaga. Á þessu vori var ákveðið að halda námskeið fyrir þá, sem hygðust ætla að starfa við vinnuskóla. Því miður varð ekkert úr þessu, en mikil þörf væri á að samræma unglíngavinnuna sem mest, og að haldið yrði námskeið fyrir verkstjóra, þar sem leiðbeint væri um hin ýmsu störf og önnur þau atriði, sem snertu vinnuskólafélagið.

Ég er þess fullviss, að mikill akkur væri í slíku leiðbeiningarstarfi og með því væri unnt að ráða bót á ýmsu því, sem úrskæiðis vill fara.

FJÁRHAGUR FÉLAGANNA

Ég hefi nú greint frá störfum félaganna á árinu 1969 í stórum dráttum og getið um nokkra kostnaðarliði í sambandi við þau.

Þegar á heildina er litið, kemur í ljós, að framlög félaganna á árinu, að undanskildu Skógræktarfélagi Reykjavíkur námu alls tæpum 3 millj. kr. og vinna sjálfboðaliða varð um 1194 dagsverk, sem var röskum 200 dagsverkum fleira en 1968. Reiknuð til verðs bætast hér því við tæpar 660.000 kr.

Þá má ekki gleyma trjáplöntuuppeldi tveggja félaganna, en það er allmikið og kostnaðarsamt, en þess ber þó að gæta að þeim útgjöldum mæta tekjur af plöntusölu, og gróðrarstöðvarstyrkur Landgræðslusjóðs. Kostnaður við gróðrarstöðvarnar nam á árinu um 2,8 milljónum kr., en tekjur af plöntusölu 1,7 millj. kr. Verulegur halli varð á plöntuuppeldi, sérstaklega í Reykjavík.

Tekjur félaganna á árinu voru þessar helstar:

Ríkisstyrkur kr. 1.200.000 og hækkaði hann um 300.000 kr. frá 1968. Styrkir sýslufélaga kr. 181.000 og stóðu þeir í stað frá árinu áður. Sveitarfélagsstyrkir kr. 540.000 og hækkuðu þeir um 70 þús. frá 1968. Aðrir styrkir kr. 270.000, og ýmsar tekjur s.s. seldar plöntur, efni, vextir, ágóði af skemmtanahaldi og fl. um 700 þús. kr. Þá styrkti Landgræðslusjóður tvö félaganna, eins og fyrr segir til endurbóta á girðingum og grisjun um kr. 150.000.

Óþarft er að gera fjármálum Skógræktarfé. Íslands skil, enda verður það gert í næsta ársriti. en því miður reyndist svo, að tekjur þess hrukku ekki fyrir útgjöldum s. l. ár.

Þegar tekið er saman það fé, sem varið hefur

| | | |
|--------------------------------|-----|------------|
| Skógræktarfélag Akraness | kr. | 8.000,- |
| - Austurland | kr. | 15.000,- |
| - Árnesinga | kr. | 80.000,- |
| - A.-Húnavetninga .. | kr. | 41.000,- |
| - A.-Skafftellinga .. | kr. | 6.000,- |
| - Borgfirðinga | kr. | 80.000,- |
| - Bolungarvíkur .. | kr. | 24.000,- |
| - Björk | kr. | 8.000,- |
| - Dalasýslu | kr. | 10.000,- |
| - Eyfirðinga | kr. | 100.000,- |
| - Hafnarfjarðar ... | kr. | 40.000,- |
| - Heiðsynninga ... | kr. | 19.000,- |
| - Ísafjarðar | kr. | 50.000,- |
| - Kjósarsýslu | kr. | 14.000,- |
| - Mýrdælinga | kr. | 10.000,- |
| - Mörk | kr. | 4.000,- |
| - Neskaupstaðar .. | kr. | 10.000,- |
| - N.-Þingeyinga ... | kr. | 6.000,- |
| - Rangæinga | kr. | 25.000,- |
| - Reykjavíkur | kr. | 100.000,- |
| - Seyðisfjarðar | kr. | 4.000,- |
| - Siglufjarðar | kr. | 10.000,- |
| - Skagfirðinga | kr. | 80.000,- |
| - Strandasýslu | kr. | 6.000,- |
| - Stykkishólms | kr. | 30.000,- |
| - Suðurnesja | kr. | 7.000,- |
| - S.-Þingeyinga | kr. | 72.000,- |
| - Sígandafjarðar .. | kr. | 20.000,- |
| - V.-Barðstrendinga | kr. | 10.000,- |
| - V.-Ísfirðinga | kr. | 11.000,- |
| - Íslands | kr. | 300.000,- |
| Alls kr. | | 1200.000,- |

verið til skógræðslu á vegum skógræktarfélaganna, eða í tengslum við þau, s.s. þáttur unglíngavinnu að skógræðslu, þá nemur sú upphæð um 11 millj. kr. og hrekkur ekki til, þar sem tekjur og gjöld ná ekki endum saman.

Mörgum þykir þetta mikið fé, en þess ber að gæta, að verðgildi ísl. kr. hefur stöðugt rýrnað og þrátt fyrir að tekjur hafi hækkað tölulega ár frá ári, þá hafa þær ekki nægt til að mæta þessari rýrnun peninganna, auk annarra áfalla. Að minni hyggju hafa flest héraðsskógræktarfélagin staðið sig vel eftir ástæðum, og þegar litið er á afköst þeirra, sést, að fjöldi unninna dagsverka hefur haldist svo til óbreyttur s.l. 5 ár.

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands 1969

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands 1969, var haldinn í Stykkishólmi dagana 5.-7. september. Á fundinn komu 49 fulltrúar frá héraðsskógræktarfélagunum auk stjórnar og margra gesta.

Dagskrá fundarins var þessi:

Föstudagur 5. september.

- Kl. 10.00 Fundur settur. Formaður félagsins Hákon Guðmundsson ávarpar fundarmenn. Yfirlit um skógræktarmál: Hákon Bjarnason. Skýrsla um störf félaganna: Snorri Sigurðsson. Reikningar lesnir.

Hitt er svo annað mál, og reyndar það sem æskilegt er, að störf félaganna væru miklu meiri að vöxtum en nú er, ekki aðeins hvað snertir fjölda þeirra plantna, sem árlega eru gróðursettar, heldur og önnur þau störf, sem eru skógræðslunni til framdráttar.

Það er svo okkar, sem að skógræðslu stöndum og skipað höfum okkur til starfa í skógræktarfélagunum að finna þær leiðir sem duga til eflingar starfinu. Og reyndar eygjum við sumar hverjar þær leiðir, þótt torfærar kunni að reynast s.s. þörf á aukinni leiðbeiningarþjónustu og fræðslu, aukinni félagatölu innan félaganna o. fl.

En allt þetta kostar meiri vinnu og fjáröflun, ef ekki á að slaka á kröfum til þeirra verkefna, sem þegar er byrjað á og hvarvetna þarf að starfa að. Og því skulum við ekki gleyma, að starfssvið skógræktarfélaganna er víðfeðmt og margbreytilegt, allt frá ræktun nytjaskógar til ræktunar trjáa við hús og býli. Þetta dreifir vissulega fjármagninu og kröftum í marga staði, en ég er nú þeirrar skoðunar, að væri verkssvið félaganna þrengra en nú er, þá stæðu ekki eins margir einstaklingar að þessum félagsskap og raun ber vitni.

- 13.00 Kosið í nefndir og lagðar fram tillögur. Umræður.
- 15.30 Farið í eyjaferð í boði sveitarstjórnar Stykkishólms.

Laugardagur 6. september.

- Kl. 9.30 Framhald fundar. Erindi: Haukur Ragnarsson. Umræður.
- 13.30 Afgreiðsla tillagna.
 - 15.30 Farið í Sauraskóg.
 - 17.30 Kvöldverður í boði sýslunefndar. Kvöldvaka.

Sunnudagur 7. september.

- Kl. 9.30 Framhald fundar. Umræður. Stjórnarkosning. Fundarslit.

Þessir fulltrúar mættu á fundinum:

Skógræktarfélag Austurlands: Halldór Sigurðsson, Sigurður Blöndal.

- Árnesinga: Lovísa Þórðardóttir, Garðar Jónsson, Ólafur Jónsson.
- A.-Húnavtinga: Þormóður Sigurgeirsson.
- A.-Skaftfell.: Þorsteinn Guðmundsson.
- Akraness: Bergur Arnbjarnarson.
- Borgfirðinga: Þórunn Eiríksdóttir, Daníel Kristjánsson, Jón Guðmundsson.
- Dalasýslu: Ingibjörg Sigurðardóttir.
- Eyfirðinga: Guðm. Karl Pétursson, Gunnar Finnbogason, Brynjar Skarphéðinsson, Ármann Dalmannsson, Ingibjörg Magnúsdóttir, Helgi Hallgrímsson, Haraldur Þórarinsson.
- Hafnfirðinga: Ólafur Vilhjálmsson, Guðmundur Þórarinsson, Jón Gestur Vigfússon.
- Heiðsynninga: Þórður Gíslason.
- Ísafjarðar: Samúel Jónsson, Ragnhildur Helgadóttir.
- Kjósarsýslu: Ingigerður Sigurðardóttir, Ólafur Á. Ólafsson.
- Neskaupst.: Eyþór Þórðarson.
- Rangæinga: Klemenz Kr. Kristjánsson, Markús Runólfsson.
- Reykjavíkur: Bjarni Helgason, Björn Ófeigsson, Guðm. Marteinsson, Guðrún Einarsdóttir, Kjartan Sveinsson, Kristinn Skæringsson, Ólafur Sæmundsen, Reynir Sveinsson,

- Vilhjálmur Sigtryggsson, Guðbrandur Magnússon.
- Skagfirðinga: Sigurður Jónasson.
- Stykkishólms: Guðmundur Bjarnason.
- Suðurnesja: Guðleifur Sigurjónsson, Halldóra Thorlacius.
- S.-Þingeyinga: Tryggvi Sigtryggsson, Ísleifur Sumarliðason, Jóhannes Sigfinnsson.
- V.-Barðstr.: Gunnlaugur Olsen.
- V.-Ísfirðinga: Eysteinn Gíslason.
- Íslands: Hákon Guðmundsson, Hákon Bjarnason, Oddur Andrésen, Snorri Sigurðsson.

